

LÖGMANNA BLAÐIÐ

Lögmannafélag Íslands
90 ára
1911 -2001

7. árg.

Október

4 / 2001

Mörður lögmaður

Frá félagsdeild LMFÍ

Pistill formanns

Frá fræðslunefnd LMFÍ

Meistaramót LMFÍ í golfi

Groa@leiti.is

Útgefandi:

Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Jóhannes Karl Sveinsson hrl.

Ritnefnd:

Bjarki H. Diego hrl.
Björn L. Bergsson hrl.
Ragnar H. Hall hrl.



Ragnhildur Arnljóts-
dóttir, formaður
Lögfræðingafélags
Íslands
Viðtækt samstarf
lögfræðinga

—
Bls. 9

Jóhannes Karl
Sveinsson hrl.
Undirskrift víxil-
útgefanda

—
Bls. 10

Björn Daníelsson
Hugleiðingar um
örorkumatsmenn

—
Bls. 19

Ingimar Ingason,
frkv.stj. LMFÍ
Forsætisfundur
norrænu lög-
mannafélagana

—
Bls. 28

Af Merði lögmanni

Síminn hringdi eina nóttina fyrir stuttu heima hjá Merði. Svefnþrúkkinn reis hann upp við dogg og svaraði, „hjá Merði lögmanni góðan dag“. Allur drungi hvarf hins vegar eins og dogg fyrir sólu þegar ábúðarfull en þó frekari leyndardómsfull rödd, fannst Merði, kynnti sig frá Ávana- og fíkniefnadeildinni. Sæluhrollur hríslaðist niður hrygginn á Merði. Loksins, loksins, loksins skilaði það árangri að standa þessar bakvaktir hjá Lögmannafélaginu. Og loksins hringdi alvöruhlæpadeild hjá Löggunni. Mördur hafði nefnilega lengi öfundað í leyni kollegana sem gátu smellt í góm í kokkteilboðunum og talað kæruleysislega um þetta og hitt stórmálið sem þeir voru að vinna að; Stóra kókaín málið, Stóra E-pillumálið, Næststærsta E-pillumálið, Stóra Lúðumálið og hvað þau nú öll hétu. Nú kæmist Mördur loksins í þennan fríða flokk og þyrfti ekki alltaf að segja sömu söguna af því þegar að hann fékk frænda sinn úr Grindavík sýknaðan af ölvunarakstri vegna þess að Löggun ruglaðist á blóðsýni.

Það var guðspakkarvert að nú stólaði hann ekki á ónýta píptækið frá Lögmannafélaginu heldur sendi löggunni símbref með upplýsingum um öll möguleg og ómöguleg símanúmer sem hægt yrði að ná í Mörd í þessa viku; símann á kontórnum, gésemminn, símann heima og meira að segja hjá mömmu ef hann skryppi í kjötbollur í brúnni. Það hafði greinilega skilað þessum árangri. Hann var kominn í feitt, í deildina með stóru strákuunum.

Pínulítið sljákkaði hins vegar eitt augnarblik í Merði þegar ábúðarfulla, en þó frekar leyndardómsfulla röddin spurði hvort hann gengi undir viðurnefninu Mördur? Það væri nefnilega þannig, útskýrði röddin, að þeir hefðu gripið barmfríða austantjaldssnót á Keflavíkurlugvelli með „bland í poka“. Hún hefði sagst vera að fara að vinna sem listdansmæð á veitingahúsi sem raunar góðkunungi löggunar ræki í miðborginni en kollegi hennar, sem hefði áður verið á Íslandi, hefði bent henni á að tala við Mördur lögmann ef hún lenti í einhverju klandri. Hann væri sá besti -

og svo líka rausnarlegur í tipsinu. Það var ekki laust við að kímni gætti í ábúðarfullu, en þó leyndardómsfullu röddinni, er hann bar Merði þessi tíðindi. Mördur ákvað að láta þetta ekkert á sig fá, stórmál væri nú einu sinni stórmál. Mannaði hann sig því upp og sagðist verða kominn eftir korter.

Á leiðinni velti Mördur sæll stöðunni fyrir sér. Nú gæfi hann öðrum ekkert eftir í gómssmellingunum í kokkteilboðunum. Næst hvarflaði hugurinn að því hvort hann yrði ekki að koma við hjá Guðsteini strax í fyrramálið og fá sér nýtt, dálítið áberandi bindi - hann myndi örugglega komast í sjónvörpin þegar snótin yrði leidd fyrir dómara til að láta stimpla gæsluvarðhaldsúrskurðinn sem Löggun væri með tilbúinn. Hann þyrfti strax að ræða við stúlkuna um að það borgaði sig að bera höfuðið hátt en ekki vera að húka undir einhverri hettu á meðan gengið væri fyrir framan myndavélarnar - það væri ekki verra ef smá aukabúhnykkur fengist út úr málinu þegar alþjóð sæi Mörd vera að gæta hagsmuna fagurra kvenna - jafnvel þó starfsgrein stúlkunnar væri kannski eitthvað umdeilanleg og tilefnið líka. Þar sem stúlkann væri útlendingur myndi örugglega ekki vera neitt vandamál að fá Löggunna til að koma með hana inn um aðaldyrnar á dómhúsinu frá Lækjartorgi, þar fara þeir hvort sem er alltaf með útlendinga, sérstaklega ef þeir eru svartir og svo leiðis - Torgið væri svo miklu skemmtilegri bakgrunnur fyrir myndatökuna, fannst Merði, heldur en ruslatunnurnar hjá Tíuellefu við bakdyrnar.

Merði fannst hins vegar leiðinlegt að svo þyrfti stúlkukornið að dúsa árum saman í steininum fyrst hún var með svona pillur. Ja svona eru nú víst varnaðaráhrifin af löngum fangelsisdómum, hugsaði Mördur, íslensku bófarnir flytja bara inn fólk frá láglaunasvæðum á sultarlaunum í hennar tilfelli með loforði um gott djögg á listdansstað að launum. Það þarf barasta að fara að stofna útibú frá nýbúasamtökunum þarna austur á Hrauni.

Pistill formanns

Endurskoðun laga um lögmennt nr. 77/1998

Dómsmálaráðuneytið skipaði nýlega nefnd til að gera tillögur að breytingum á lögum um lögmennt. Í nefndina voru skipuð Björn Friðfinnsson, Jón Thors, Bryndís Helgadóttir, Björg Thorarensen og frá Lögmannafélagi Íslands, Helgi Birgisson varaformaður félagsins og greinarhöfundur.

Lögmannalögin hafa nú fengið nær þriggja ára reynslutíma en þau



Ásgeir Thoroddsen, hrl.

skipaður af dómsmálaráðherra eftir tilnefningu Dómsmálaráðs, og einn af Hæstarétti og verði sá, eins og nú, úr röðum lögmannt sem fullnægja skilyrðum til að gegna embætti hæstaréttardómara.

- *Setja skýrari ákvæði um rétt útlendinga til að starfa sem lögmennt hér á landi.* Skilgreina þarf hvaða skilyrðum þeir þurfi að uppfylla og hvernig LMFÍ fari með eftirlits- og agavald gagnvart þessum lögmenntum. Með sama hætti þarf skýrari ákvæði um rétt íslenskra lögmannt til að starfa sem lögmennt á erlendri grundu.

- *Öflun héraðsdómslögmannsréttinda.* Sá galli hefur verið á prófraun til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður að flestir sem prófraunina þreya koma nánast beint frá prófborði í lagadeild. Námskeiðið til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda verður þannig beint framhald af laganáminu og er það miður. Ákveðin starfsreynsla, t.d. 6 mánuðir á lögmannsstofu eða 1 ár sem aðstoðarmaður dómara eða við sambærileg störf er skynsamlegur og nauðsynlegur undanfari öflunar hdl. réttinda. Þá hefur einnig verið rætt hvort verkleg prófraun eigi að vera fólgin í flutningi eins munnlega flutts máls fyrir héraðsdómi þótt ekki verði gerðar kröfur til að mál sé lókið eða stórt eins og áður var um prófmál.

- *Öflun hæstaréttarlögmannsréttinda.* Í 9.gr. lögmannalaganna er lýst skilyrðum til þess að öðlast réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður. Þar segir m.a. að viðkomandi þurfi að hafa haft hdl. réttindi í 5 ár og flutt ekki færri en 30 mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómsstóli. Þá þurfi að flytja 2 prófmál fyrir Hæstarétti en sérstök prófnefnd metur hvaða mál full-

tóku gildi 1. janúar 1999. Reynslan af lögnum er um sumt góð en annað má betur smíða til að skerpa inntak laganna og auðvelda framkvæmd þeirra.

Ekkert liggur fyrir á þessu stigi hverjar verða tillögur nefndarinnar til dómsmálaráðherra.

Samt er ekki úr vegi, og enginn trúnaður brotinn, að nefna nokkrar af þeim hugmyndum sem nú eru ræddar í nefndinni. Gefst lögmenntum þá kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við okkur nefndarmenn. Hér skulu þessar hugmyndir taldar:

- *Fækka í Úrskurðarnefnd lögmannt sem starfar samkvæmt 3. gr. lögmannalaganna.* Ástæður þess að við viljum fækka nefndarmönnum eru tvær: Mikill kostnaður af starfi úrskurðarnefndarinnar en fjórðungur árgjalda okkar á síðasta ári fór til að greiða þennan kostnað. Í nefndinni sitja fleiri en lögmennt eins og menn vita og er nefndin því launuð. Samkvæmt lögnum ber félagið allan kostnað. Þá er líklegra að fækkun í nefndinni auðveldi fremur störf nefndarinnar þótt vönduð málsmeðferð yrði tryggð eftir sem áður. Dómur fleiri en þriggja mannt er vissulega algjör undantekning í íslensku réttarkerfi. Hugmyndin er að fækka nefndarmönnum úr fimm í þrjá. Verði einn kosinn af LMFÍ, einn

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
sími (telephone): 568-5620
bréfsími (telefax): 568-7057
tölvupóstur (E-mail): lmfí@lmfí.is
heimasíða: www.lmfí.is

Stjórn L.M.F.Í.

Ásgeir Thoroddsen hrl.,
formaður
Helgi Birgisson hrl.,
varaformaður
Ársæll Hafsteinsson hdl.,
gjaldkeri
Lára V. Júlíusdóttir hrl.,
ritari
Helgi Jóhannesson hrl.,
meðstjórnandi

Starfsfólk L.M.F.Í.

Ingimar Ingasson,
framkvæmdastjóri
Jóna Kristjana Kristinsdóttir,
félagsdeild
Guðný Gísladóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmenntum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:
kr. 1.500 + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

Netfang ritstjórnar: jks@landslog.is

Prentun:

Ísafoldarprentsmiðja

Umsjón auglýsinga:

Öflun ehf., sími 533 4440

nægi því að geta verið prófmál. Verulegrar óánægju hefur gætt með framkvæmd þessa fyrirkomulags um prófmál og að nefndin gerir miklar kröfur til þess að málin séu stór og flókin þannig að lögmaðurinn sýni að hann ráði við slík mál. Kostur það lögmann oft verulega vinnu og kostnað að vinna mál fyrir prófnafnd sem hún síðan samþykkir ekki sem prófmál. Bent er á að misskilnings gæti við þessa framkvæmd, það sé ekki verið að prófa héraðsdómslögmennt í lögum og túlkun laga heldur hvort þeir kunni að undirbúa mál til flutnings og kunni að flytja mál sómasamlega fyrir Hæstarétti. Mál þurfi ekki að vera stór né flókin til þess að héraðsdómslögmaður geti sýnt að hann sé fullfær til þess. Rætt er í nefndinni hvort breyta eigi þessu fyrirkomulagi, t.d. fjölga í staðinn málum sem lögmaðurinn þurfi að hafa flutt í héraði, gera kröfu til þess að ákveðinn fjöldi mála þeirra sé munnlega flutt einkamál sem nái áfrýjunarfjárhæð, og jafnvel að lögmaður geti aðeins

flutt, sem prófmál í Hæstarétti, mál sem hann flutti sjálfur í héraði. Þá fái Hæstiréttur heimild til að leggja til við dómsmálaráðherra að áður útgefin réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður verði felld niður.

- **Breyta orðalagi 1. mgr. 15. gr. laganna**, þar sem segir að taki lögmaður við starfi sem ósamrýmanlegt sé handhöfn lögmannsréttinda, skulu réttindi hans felld niður og orðalagi 2. mgr. 15. gr. um að lögmaður afsali sér réttindum sínum. Hefur þetta orðalag mælst illa fyrir og standist jafnvel ekki að menn séu sviptir réttindum sínum. Í staðinn yrðu lögmannsréttindi gerð óvirk meðan þannig stendur á.

- **Breyta ákvæði 2. mgr. 28. gr. þannig** að úrskurða megi lögmennt til greiðslu málskostnaðar þegar sérstaklega stendur á, vegna mála sem fara fyrir úrskurðarnefnd lögmannna. Rétt sé að vikka þessa heimild úrskurðarnefndar.

- Bæta ákvæði í lögum sem heimila stjórn Lögmannafélags Íslands að leggja til við dómsmálaráðherra

að málflytningarréttindi lögmanns, sem er í vanskilum með árgjald, verði felld niður. Nú er sá einn kostur að stjórn LMFÍ krefjist gjaldþrotaúrskurðar yfir viðkomandi sem er óþarflega niðurlægjandi og dýr leið þegar lögmaður afsalar sér ekki sjálfur lögmannsréttindum sínum.

- **Setja skýrari reglur um skilfjárvörsluyfirlýsinga**, þ.e. hvers konar yfirlýsingu leggja þurfi fram og hvaða gögn trúnaðarendurskoðandi geti krafist lögmann um, komi til rannsókna að beiðni stjórnar LMFÍ. Einnig að setja inn ákvæði sem heimili LMFÍ að krefja lögmann, sem fela hefur þurft trúnaðarendurskoðanda að gera bóhaldsúttekt hjá, um kostnað af slíkri úttekt. Ekki sé sanngjarnt að aðrir lögmennt beri kostnað af þeirri vinnu.

- **Kveða skýrar á um það hvæær sé heimilt að nota starfsbeiði lögmaður**, héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður sbr. 2. mgr. 29. greinar og víðar.

Upplýsingaleki getur orðið fyrirtekjum dýrkeyptur.

Gerðu kröfur til fullkomins öryggis, og minnkaðu líkurnar á að upplýsingar í fyrirtækinu komist í rangar hendur.

Þú getur valið milli fjölmargra EBA pappirstætara, allt eftir því hvað hentar best þinni starfssemi.

EBA
Pappirstætarar

tryggja fullkomnið öryggi innan fyrirtækis þíns



TÆKNIBÚNAÐUR
KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 12 • 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 510 5520 • 510 5500
WWW.KJARAN.IS

OTTO AUGLÝSINGASTOFA

A man in a dark suit and tie is standing in a library, looking down at a book he is holding. The library shelves are filled with books, and the lighting is warm and focused on the man.

Er þín starfsemi tryggð?

Þú færð starfsábyrgðartryggingu lögmanna hjá VÍS sem býður fjölbreytt úrval vátrygginga fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Samkvæmt lögum nr. 77/1998 þurfa lögmenn að hafa starfsábyrgðartryggingu. Hringdu í síma 560 5060 og fáðu nánari upplýsingar.



VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF

Ármúla 3, 108 Reykjavík, 560 5060, www.vis.is

Fréttir frá félagsdeild

Hausið er farið að láta á sér kræla eftir ágætt sumar og félagsdeildin er einnig farin af stað með verkefni vetrarins eins og sumir lögmenn hafa að minnsta kosti tekið eftir í formi tölvupósts frá deildinni.

Ýmislegt er döfinni í vetur svo sem námskeið fyrir lögmenn og starfsmenn þeirra, en fyrirhugað er að auka þjónustuna við félagsmenn LMFÍ á landsbyggðinni og starfsmenn þeirra með námskeiðahaldi úti á landi. Verður meðal annars haldið símsvörunarnámskeið á Akureyri 11. október næstkomandi.

Sýning félagsdeildar á Hótel Lofleiðum

Þann 14. september var haldin kynning á vörum og þjónustu samstarfsfyrirtækja félagsdeildar. Meðal fyrirtækja sem þar kynntu vörur sínar var EJS, sem kynnti DELL fartölvur og PALM lófátölvur. Á. Guðmundsson kynnti nýja línu í skrifstofuhúsgögnum, Europay Ísland kynnti fyrirtækjakortið og posa fyrir lögmenn, Kjaran Tæknibúnaður kynnti nýja kynslóð af stafrænum ljósrítunarvélum ásamt pappírstætuum og Gagnageymslan kynnti heildarlausnir á geymslu skjala og þjónustu því tengdu. Öll framangreind fyrirtæki hafa gert samning við félagsdeild um veruleg afsláttarkjör bæði á vörum og þjónustu. Hvet ég lögmenn að kynna sér afsláttarkjörin því um umtalsverðan afslátt er að ræða. Einnig var nokkrum fyrirtækjum í tölvugeiranum boðið að kynna forrit sem sérstaklega eru skrifuð fyrir lögmenn. Það voru: H.H. hugbúnaður sem kynnti tímaskráningarforritið Stund, Lánstraust, sem kynnti Réttarríkið og VOG, og loks Landsteinar sem kynntu IL+ 2.1, hlutaskrárkerfi og fleira. Einnig kynnti fyrir-



Jóna K.
Kristinsdóttir

tækið Arcis öryggislausnir fyrir fartölvur, rafrænt undirskriftarkerfi og dulritun á tölvupósti og skjölum svo eitthvað sé nefnt.

Sýningin tókst framar öllum vonum og mættu tæplega 100 manns, sem er mun fleira en mættu á síðustu sýningu. Karl K. Karlsson hf. kynnti Remy Martin Cognac og bjór við ágætar undirtektir gesta. Sýning sem þessi var haldin öðru sinni og er ekki loku fyrir það skotið að leikurinn verði endurtekinn síðar.

Posar á lögmennsstofur

Félagsdeild barst nýlega fyrirspurn frá lögmanni sem vildi kanna hvort hægt væri að semja um þóknun hjá greiðslukortafyrirtækjum fyrir lögmenn í félagsdeild. Fáir lögmenn eða stofur taka við greiðslukortum en eins og öllum er kunnugt er orðið fátítt að fólk noti peningaseðla í sínum viðskiptum. Flestir nota hins vegar greiðslukort, hvort sem um er að ræða debet- eða kreditkort. Þeir lögmenn sem annast mál einstaklinga hafa eflaust þurft að senda út reikninga sem ekki hafa verið greiddir fyrir en seint og um síðir. Er því ljóst að töluverður tími og vinna sparast ef tekið er við kortum. Nú hefur félagsdeild LMFÍ samið við Europay Ísland og Visa Ísland um uppsetningu á posum og þóknun til kortafyrirtækjanna, sem telja verður mjög vel viðunandi. Tilboðið **gild-**

ir til 1. desember og jafnframt stendur lögmönnum í félagsdeild til boða að fá stofngjald fellt niður af posanum til 1. desember.

Lögmenn sem hafa áhuga á að sækja um posa geta haft samband annað hvort við EUROPAY Ísland eða VISA, en gera þarf samning við báða aðila vegna móttöku korta þeirra. Nóg er að hafa samband við annan aðilann. Samningar verða sendir í pósti til umsækjenda.

Vinsamlegast hafið samband við einhvern eftirtalinn aðila: EUROPAY Ísland - Verzlunarsvið, sími: 550 1656, Fanney S. Jóhannsdóttir - sími: 550 1598 - fsj@europay.is - Harpa Jóhannesdóttir, sími - 550 1597- hkj@europay.is, eða VISA Ísland, Daða Mía Steinþórsson í síma 525 2013- dadi@visa.is . Upplýsingar um tilboðið eru veittar hjá félagsdeild þar sem þóknunarprósentan er trúnaðarmál. Leiga fyrir posavélar er kr. 2.400.- á mánuði auk vsk. Stofngjald vegna samnings er ríflega 2.200.- hjá hvoru fyrirtæki. Þegar allir samningar hafa verið undirritaðir kemur aðili frá Rás-Þjónustunni og tengir posann. Ef gerðir eru raðgreiðslusamningar gilda aðrar reglur, þar sem um er að ræða samninga með og án ábyrgðar kortafyrirtækjanna. Er þá um misháa þóknun að ræða.

Lögmönnum er bent á dóm Hæstaréttar í máli nr. 441/1998 sem fjallar um þóknun vegna debet- og kredikorta, þar sem fram kemur að bannað sé að bæta þóknun vegna kortaviðskipta við útselda þjónustu.

Heimasíða LMFÍ

Á málþingi Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands á Þingvöllum í vor var heimasíða LMFÍ opnuð. Handbók lögmanna er nú á heimasíðu félagsins og er

félagatalið uppfært um leið og breytingar berast félaginu. Eru lögmennt hvattir til að tilkynna allar breytingar um vinnustað, aðsetur, síma og fleira til félagsins, þannig svo að félagatalið verði sem réttast hverju sinni. Á heimasíðunni er einnig að finna nýjan lið „Þjónuskrá lögmanna“, þar sem lögmenn geta nú skráð sig á heimasíðunni eftir þeim sérviðum sem þeir sinna og sett ítarlegri upplýsingar en fram koma í venjulegri skráningu. Skrifstofu félagsins berast fjölmörg símtöl á dag þar sem óskað er eftir upplýsingum um lögmenn og ábendingar um val á lögmönnum eftir málaflökkum. Félagið hefur fram til þess ekki bent á einstaka lögmenn, en beinir fyrirspurnum á heimasíðu félagsins þar sem allir sjálfstætt starfandi lögmenn eru skráðir og hægt er að nálgast frekari upplýsingar í þjónustuskránni. Lögmenn eru hvattir til þess að kynna sér þjónustuskrána og senda inn ítarlegri skráningar en fram koma í venjulegri skráningu.

Njálufærð 1. september

Félagsdeildin er ung að árum og starfsemin enn í mótun. Sú hugmynd skaut upp kollinum í vor að efna til fræðslu- og skemmtiferðar með haustinu. Ákveðið var að fara á Njáluslóðir og var sú ferð farin 1. september síðastliðinn. Erfitt var að átta sig á eftirspurn fyrir slíka ferð en lengi vel voru aðeins tveir skráðir en síðan tók skráningin kipp og fór upp í tæplega 60 manns á einni viku. Einhverjir dattu þó út og ferðahópurinn endaði í ríflega 40 manns sem lögðu af stað í ferðina. Það er ljóst að áhugi fyrir slíkum ferðum er fyrir hendi og ekki síst hjá lögmönnum á smærri stofunum.

Karnovtilboð

Í sumar sendi félagsdeild Thomson Forlaget í Danmörku fyrirspurn um tilboð í vefútgáfu af UFR og Karnov, en all margir lögmenn eru nú áskrifendur að Karnov og/eða UFR í bókaformi. Thomson

Forlaget tók ekki illa í hugmyndina en lét þess getið að aldrei fyrr hefði verið gert tilboð fyrir félagsamtök. Skilyrði fyrir tilboði væri að einhver fjöldi hefði áhuga og félagið þyrfti að ábyrgjast greiðslur fyrir áskriftinni. Sendur var út tölvupóstur til lögmanna í félagsdeild og létu viðbrögðin létu ekki á sér standa, en tæplega 50 lögmenn eða stofur sýndu tilboðinu áhuga. Formlegt tilboð er þó ekki enn komið þegar línur þessar eru skrifaðar en það verður sent út til lögmanna um leið og það berst. Ef að tilskilinn fjöldi næst, þá mun

Lögmenn eru hvattir til þess að kynna sér þjónustuskrána og senda inn ítarlegri skráningar en fram koma í venjulegri skráningu.

fjárhæðin verða skuldfærð af greiðslukortum og félagið væntanlega greiða reikninginn til Thomson.

Jólaball

Þó að jólin séu kannski ekki efst í huga fullorðinna nú í október, þá er ekki langt til jóla. Hér á árum áður hélt Lögmannafélagið jólaböll fyrir lögmenn og starfsfólk á lögmannsstofum en smám saman minnkaði þátttakan og voru jólaböll því lögð af fyrir nokkru síðan. Nú hefur hins vegar fjölgað mjög í félaginu og yngra fólk að koma inn sem er með börn á „Adam átti syni sjö“ aldrinum. Félagsdeildin hefur því ákveðið að gera tilraun og halda jólaball í ár. Verið er að leita að hentugu húsnæði fyrir ballið, jólasveinum og hljómsveit. Allar uppástungur eru vel þegnar og afnot af ódýru húsnæði væri auðvitað það besta. Nánar verður tilkynnt um ballið síðar.

Lögmenn spiluðu fótbolta við fanga á Litla Hrauni

Frjá árinu 1989 hafa lögmenn spilað fótbolta við fanga á Litla Hrauni og var ekki gerð undantekning þetta árið. Í ár fór svo að fangar unnu með 8 mörkum gegn 7. Þetta er í þriðja sinn að fangar vinna en í ár voru þeir með feikisterkt lið. Standa vonir manna til að lið þeirra verði verulega breytt að ári!

Í liði lögmanna voru: Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl., fyrirliði, Anton Björn Markússon, hdl., Steinar Guðgeirsson hdl., Ólafur Garðarsson, hrl., Jóhannes Albert Sævarsson, hrl. Smári Hilmarsson, hdl. og Gunnar Jónsson, hrl. í marki.

Ávallt er spilað á malarvellið á Litla Hrauni. Eftir leik setjast menn síðan niður og gæða sér á kók og Prins Pólo í boði lögmanna. Er þetta orðin hefð sem þó var óvart rofin fyrir tveimur árum þegar einn lögmaðurinn kom með kók og Hraun súkkulaði. Það þótti ekki við hæfi og hefur Prinsinn verið í boði síðan.

Fréttaritari

Molar frá LMFÍ

Skil fjárvörslufirlýsinga vegna ársins 2000.

Pann 1. september s.l. rann út frestur lögmannna til að skila inn fjárvörslufirlýsingum fyrir árið 2000. Enn á all stór hópur lögmannna eftir að skila inn yfirlýsingu, staðfestri af löggiltum endurskoðanda og eru þeir hvattir til að ganga frá sínum málum hið fyrsta.

Greiðsla árgjalda til LMFÍ fyrir yfirstandandi ár.

Gíróseðlar vegna síðari hluta árgjalds til Lögmannafélags Íslands fyrir yfirstandandi ár, voru sendir félagsmönnum í lok ágúst s.l., en gjalddagi var 1. október. Þeir lögmennt, sem enn hafa ekki gengið frá greiðslu árgjaldsins, eru hvattir til að greiða það hið fyrsta. Einnig er þeir félagsmenn

sem ekki hafa greitt fyrri hluta árgjaldsins, beðnir um að bæta úr því, en ógreiddar gjaldfallnar árgjaldsskuldir verða sendar í innheimtu innan tíðar.

Samúðarkveðjur frá CCBE til ABA og til bandarísku þjóðarinnar.

CCBE, samtök evrópskra lögmannafélaga, sem Lögmannafélag Íslands er aðili að, sendi bandaríska lögmannafélaginu (ABA), meðlimum þess og bandarísku þjóðinni, samúðarkveðjur vegna atburðanna í Bandaríkjunum 11. september s.l. Í skeyti Dr. Rubert's Wolff, formanns CCBE, til William's G. Paul, formanns bandaríska lögmannafélagsins, segir m.a. að lögmannastéttin í gjörvallri Evrópu sé slegin yfir því grimmdar-

lega hryðuverki sem framið var og fordæmi jafnframt hvers kyns ofbeldi. Einnig kemur fram í bréfi Dr. Wolff's að CCBE lýsi yfir fullum stuðningi við að verja og viðhalda frelsi og réttlæti.

Endurskoðun lögmannalaga nr. 77/1998.

Eins og fram kemur í grein formanns félagsins hér að framan, þá ákvað dómismálaráðuneytið nýlega að hefja undirbúning að endurskoðun á lögum nr. 77/1998, um lögmennt, í ljósi ýmissa vankanta sem fram hafa komið við framkvæmd þeirra. Stefnt er að því að kynna félagsmönnum þær tillögur sem fram koma á efni laganna, á sérstökum félagsfundi, þegar þær liggja fyrir.



MINOLTA

máttur stafrænnar ljósritunar



DiALTA

- Meiri myndgæði og lægri rekstrarkostnaður en í eldri gerðum ljósritunarvélum
- Stafræn vinnsla gefur nýja möguleika í meðhöndlun skjala og eykur framleiðni
- Þægilegt og samræmt notendaviðmót (LCD)
- Tölvutenging og mikið úrval netkorta gefa aukið notagildi
- Minolta DiALTA stafrænar ljósritunarvélur eru mun umhverfisvænni

TÆKNIBÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 12 • 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 510 5520 • 510 5500
WWW.KJARAN.IS

OTTÓ AUGLÝSINGASTÓFA



Víðtækt samstarf lögfræðinga. Félög lögfræðinga á öðrum Norðurlöndum

Orð eru til alls fyrst.

Formaður Lögmannafélags Íslands gerði í leiðara síðasta tbl. Lögmannablaðsins grein fyrir hugmyndum sínum um aukid samstarf starfandi félaga lögfræðinga hér á landi og víðræðum við forsvarsmenn annarra félaga um það efni.

Lögfræðingafélag Íslands tekur af heilum hug þátt í víðræðum um að efla samstarf á vettvangi lögfræðinga enda er slíkt skref rökrétt framhald af hugmyndum sem forsvarsmenn Lögfræðingafélagsins hafa reifað bæði í ræðu og riti á undanförunum misserum. Rétt er að vekja athygli á því að með því að stíga slíkt skref fylgjum við forðæmum frá félögum lögfræðinga á öðrum Norðurlöndum, þar sem fræðslu- og útgáfustarfsemi allra lögfræðinga hefur verið sameiginleg um árabíl. Í Danmörku og Svíþjóð hafa lögfræðingar, víðskiptafræðingar, hagfræðingar og skyldar greinar sameinast um félög sem eru hagsmunafélög í víðri merkingu þess orðs og í Noregi og Finnlandi eru starfandi lögfræðingafélög sem rekin eru með svipuðu sniði.



Ragnbildur Arnljótsdóttir, skrifstofustjóri, formaður L.Í.

Lögfræðingafélag Íslands tekur af heilum hug þátt í víðræðum um að efla samstarf á vettvangi lögfræðinga

Öll þessi félög eru stéttarfélög sem sinna víðtækri þjónustu og hagsmunagæslu fyrir félaga sína, þ. á m. með öflugri fræðslu og endurmenntun.

Þeim sem taka að sér að vera í forsvari fyrir félög lögfræðinga ber á hverjum tíma skylda til að fjalla innan sinna vébanda um hvaðeina sem eft getur félagsmenn í daglegum störfum þeirra og styrkt stéttina í heild. Í Lögfræðingafélagi Íslands eru nú hátt í 1.000 félagsmenn. Æskilegt er að á sameiginlegum vettvangi allra starfandi lögfræðinga sé fjallað um ýmis grundvallaratriði s.s. uppbyggingu menntunar lögfræðinga og víðurkenningu á störfum þeirra og réttindum. Lögfræðingafélagið hefur undanfarið fjallað um aukid samstarf við laga-deild Háskóla Íslands og hugmyndir um samráðsvettvang þessara aðila hafa verið reifaðar óformlega. Félagið hefur átt afar gott samstarf við Hollvinafélag laga-deildar og vinnur nú ásamt því félagi að þróun hugmynda um styrktarsjóð til rannsókna og starfs-

menntunar á sviði lögfræði. Stjórn Lögfræðingafélagsins hefur rætt um það hvort félagið eigi að taka til formlegrar umfjöllunar uppbyggingu náms lögfræðinga hér á landi og starfsréttindi þeirra sem ljúka prófi í lögfræði, ekki síst í ljósi þess að svo virðist sem innan skamms muni þrír hérlendir háskólar bjóða uppá mismunandi nám í lögfræði. Kröfur um sérhæfingu og öfluga símenntun, ekki síst á sviði alþjóðlegra réttarreglna, og greiða upplýsingaöflun aukast með ári hverju og í því ljósi væri æskilegt að félög lögfræðinga þróuðu öflugt samstarf við erlend heildarsamtök lögfræðinga. Lögfræðingafélag Íslands hefur um árabíl átt formlegt samstarf við heildarsamtök lögfræðinga á Norðurlöndum. Stjórn félagsins undirbýr nú kynningu fyrir forsvarsmenn allra félaga lögfræðinga hér á landi á starfsemi þessara heildarsamtaka systrafélaga okkar. Með slíkri kynningu vill Lögfræðingafélagið gefa fulltrúum annarra félaga kost á að kynna sér mismunandi uppbyggingu heildarsamtaka lögfræðinga í hverju landi fyrir sig, þannig að nýta megi þær upplýsingar þegar tekin verður afstaða til samstarfs félaga lögfræðinga hér á landi í framtíðinni. Lögfræðingafélagið hefur jafnframt í huga að bjóða fulltrúum laganema að slíkri kynningu til þess að heyra sjónarmið þeirra sem í framtíðinni munu njóta þjónustu okkar.

Það er ósk Lögfræðingafélags Íslands að félög lögfræðinga muni af framsýni vinna sameiginlega að því að styrkja lögfræðinga til þess að takast á við stórauknar kröfur til sérþekkingar bæði hér á landi og í hinu alþjóðlegu starfsumhverfi.

Það er okkar hlutverk.

Endurrit hæstaréttardóma

L.M.F.Í. lætur fjölfalda og sendiráskrifendum endurrit hæstaréttardóma á mánaðarfesti.

Endurritin eru í lausblaðaformi og með efnisyfirliti.

Áskrift er hægt að panta á skrifstofu L.M.F.Í., í síma 568-5620.

„Undirritun“ víxilútgefanda

Fáir eru þeir löggerningar sem hafa fengið eins yfirgripsmikla umfjöllun fyrir íslenskum dómstólum og víxlar. Fjöldinn allur af dómum er til um stofnun og glöton víxilréttar og tilvikin sem um ræðir eru fjölskrúðug. Hér verður fjallað stuttlega um eitt skilyrði þess að víxilréttur stofnstofn, skjál hafi víxilgildi að formi til.

Í 8. tl. 1. gr. víxillaga nr. 93/1993 er kveðið á um að í víxli skuli vera undirskrift þess sem gefur víxilinn út. Álitafnið snertir þær kröfur sem gera verður til auðkenningar á nafni útgefandans, þ.e. hvernig undirritunin er framkvæmd og hvar hún er staðsett á víxlinum.

Tilefni þessarar umfjöllunar er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness frá 23. maí 2001 (í málinu nr. Y-1/2001, Fiskmarkaður Suðurnesja hf. gegn Sparisjóði Hornarfjarðar og nágrennis). Úrskurðurinn var ekki kærður til Hæstaréttar, en hann verðskuldar engu að síður umfjöllun á prenti þar sem að telja má að hann hafi gildi við skýringu á umræddu ákvæði víxillaganna.

1. Hefðbundin skýring kröfu um undirritun útgefanda

Hin hefðbundna skýring á skilyrði víxillaganna um undirritun útgefanda er tvímælalaust sú, að undirritunin þarf að uppfylla tvö skilyrði:

- Að vera rituð með eigin hendi útgefanda – eða einhvers sem hann veitir umboð til undirritunar, og
- Að vera staðsett undir meginmáli víxilsins eða vísa a.m.k. til meginmálsins.

Nokkur dæmi er að finna um staðfestingu á þessum kröfum í íslenskri dómaframkvæmd og kenningum fræðimanna.

Í dómi landsyfirréttar frá 20. nóvember 1916 (Mál nr. 54/1916)

er að finna úrlausn um skýringu sambærilegs ákvæðis eldri víxillaga. Þar var málum þannig háttað að nafn útgefanda víxilsins var ekki ritað eigin hendi undir víxil, en þess í stað notaður nafnstimpill „en ekkert nafn viðritað“ eins og segir í dómnum. Rétturinn taldi að þetta form á undirskrift víxilsins fullnægði ekki fyrir mælum víxillaga og víxillinn veitti því ekki víxilrétt.

Að því er varðar tékkalögin (þar sem jafnframt er rætt um undirritun útgefanda) er talið í nýrri fræðikenningum að ekki verði lengur gerð krafa til handritunar útgefanda.

Spurningin er því sú hvort samsvarandi breyting hafi orðið á margnefndu ákvæði víxillaganna.

Í riti Dr. Ólafs Lárussonar, *Víxlar og tékkar*, er því lýst að krafa víxillaga þýddi að þessu leyti að nafn útgefanda ætti að standa sem undirskrift undir texta skjalsins og að það yrði „að vera skrifað, þ.e. letrætt með þeim hætti, að það að almennadómi jafngildi undirskrift hlutaðeigandi aðila.“ Ólafur benti hins vegar á að nafnið þyrfti ekki að vera ritað af útgefanda sjálfum heldur hefði skjalið víxilgildi þótt útgefandi hefði handsalað öðrum manni nafn sitt undir víxilinn eða það væri ritað á víxilinn samkvæmt umboði. Skýringar Ólafs voru í samræmi við kenningar norrænna fræðimanna.

Rétt er að geta þess hugtakið „undirskrift“ er talið mega túlkað nokkuð vítt. Bendir *Preben Lyngsø*

á það í skýringarriti sínu með dönsku víxillögunum að ekkert sé því í vegi að útgefandinn gefi þriðja manni umboð til útgáfu víxils, og gildi þá einu hvort umboðsmaðurinn riti eigið nafn fyrir hönd útgefandans, eða riti hreinlega sjálfur nafn útgefandans án þess að geta um umboðið. Jafnframt skal þess getið hér að ekki skiptir máli varðandi þessa formkröfu víxillaga hvort undirritun sé fölsuð eða gerð af ólöggráða manni. Krafa um undirskrift útgefanda er talin vera uppfyllt þrátt fyrir að nafnritunin sé óskýr, ólæsileg, eingöngu eigin nafn útgefanda eða t.d. listamanns-nafn hans.

2. Ný viðborð?

Með nútímalegri viðskiptaháttum og breytingum almennt við staðfestingu útgáfu löggerninga er ekki úr vegi að huga að því hvort einhver „afsláttur“ kunni að vera gefinn af þeim kröfum um undirritun eigin hendi sem hér var lýst að framan. Til skoðunar koma „vélrænar“ áritanir, s.s. með tölvu-prentun eða stimpli svo eitthvað sé nefnt.

Að því er varðar tékkalögin (þar sem jafnframt er rætt um undirritun útgefanda) er talið í nýrri fræðikenningum að ekki verði lengur gerð krafa til handritunar útgefanda. Spurningin er því sú hvort samsvarandi breyting hafi orðið á margnefndu ákvæði víxillaganna.

Í dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 31. maí 1990 (í máli nr. 6987/1990) var kveðinn upp dómur í útvistarmáli þar sem útgefandi víxils stefndi sjálfur greiðanda og samþykkjanda til greiðslu nokkurra víxla. Stefndi sótti ekki þing en var sýknaður í málinu með þeim rökum að nafn útgefanda hefði verið vélritað og að skýra bæri 8. tl. 1. gr. víxillaga þannig að með undirskrift væri átt við hand-

ritaða undirskrift þess sem sæi um útgáfu víxilsins. Var því talið að skjalið hefði ekki víxilgildi, þrátt fyrir að útgefandi væri sjálfur í stöðu stefnanda málsins og útgáfan væri ekki með neinum hætti veingd.

Í þessum dómi tvímælalaust byggt á því að undirritun þurfi að vera handritun en ekki sé neitt svigrúm til annars konar staðfestingar. Af dóminum má jafnframt draga þá ályktun að það skipti engu máli þótt að útgefandi staðfesti sjálfur eftirá að hafa gefið víxil út. Það tímamark sem ræður er útgáfudagurinn og hvort að nafnritunin hafi þá átt sér stað. Síðari athafnir skipta því væntanlega ekki máli, enda er undirritun útgefanda formskilyrði víxilréttar en ekki efnisskiyrði.

3. Nánar um umboð til útgáfu víxils

Eins og minnst var á hér að framman er talið að útgefandi geti gefið öðrum manni umboð til að undirrita víxil fyrir sína hönd. Um mat á því hvort gilt umboð teljist hafa verið fyrir hendi gilda almennar reglur samningaréttar en skortur á umboði teldist þó tæplega leiða til ógildis skuldbindinga annarra víxilskulðara.

Í *úrskurði Héraðsdóms Reykjaness frá 23. maí s.l. í málinu nr. Y-1/2001* háttaði þannig til að viðfest við hefðbundinn tryggingarvíxil vegna yfirdráttarheimildar var umboð til banka að fylla víxilinn út og innheimta vegna skuldar á tilteknum ávísanareikningi. Undir meginmáli víxilsins var vélritað nafn og heimilisfang útgefandans en þar ritaði forsvarsmáður hans ekki eigin hendi. Hins vegar var undirskrift hans að finna á umboði til útfyllingar (sem fest var við víxilinn) og jafnframt hafði forsvarsmáðurinn undirritað framsal á bakhlíð víxilsins f.h. útgefandans. Þannig var því nafnritunin á tveimur stöðum á skjalinu, þótt ekki væri hana að finna í þar til gerðum reit á víxilforminu. Víxilhafinn bygði á því að umboðsýfirlýsingin

Ekki virðist hafa átt sér stað samsvarandi breyting á túlkun og varðandi fyrirkomulag á útgáfu tékka, þar sem viðurkennt er að vélræn undirritun geti verið nægileg.

hefði verið hluti víxilsins og þannig í raun um eitt og sama skjalið að ræða. Héraðsdómur féllst ekki á þessi rök og benti á að um tvo mismunandi gerninga væri að ræða (víxilinn og umboðið) sem hafi sjálfstætt gildi hvor gagnvart öðrum. Fjárnám sem gert hafði verið hjá útgefandanum var því fellt úr gildi með vísan til þess að víxilréttur hefði ekki stofnast.

Niðurstaðan af þessari stuttu úttekt er sú að ekki virðist hafa verið horfið frá þeirri kröfu sem tvímælalaust var höfð í huga við setningu víxillaganna árið 1933, að útgefandi víxils riti undir víxilskjalið eigin hendi. Ekki virðist hafa átt sér stað samsvarandi breyting á túlkun og varðandi fyrirkomulag á útgáfu tékka, þar sem viðurkennt er að vélræn undirritun geti verið nægileg. Ekki virðist skipta máli þótt útgefandi viðurkenni eftirá að hafa staðið að útgáfu víxilsins, ef víxillinn var á annað borð ekki undirritaður af honum. Og engu breytir þótt ritað sé undir framsal, t.d. á bakhlíð víxils, af þeim sem tilgreindur var sem útgefandi. Víxillinn er í því tilviki óútfeginn og enginn réttur til að framselja.

AÐFARARGERÐIR

eftir Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara

Fæst hjá Bóksölu stúdenta og á skrifstofu L.M.F.Í.

— o o o —

Aðrar bækur útgefnar af Námssjóði L.M.F.Í.:

Dómar um bótaábyrgð hins opinbera 1920-1984

Dómar í félagarétti 1968-1988

Dómar í sjóréttarmálum 1965-1982

Dómar um veðréttindi 1920-1988

Dómar í skaðabótamálum 1979-1988

Dómar í skaðabótamálum 1973-1978

Dómar um almennt einkamálaréttarfar

Námssjóður Lögmannafélags Íslands

Námskeið fyrir lögmenntun á haustönn 2001

Námskeið hjá Endurmenntunarfélögum. Í samstarfi við Lögfræðingafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands og Dómarafélag Íslands. Skráning fer fram hjá Endurmenntun HÍ í síma 525-4444, tölvupóstur endurmenntun@hi.is, vefang: www.endurmenntun.is

Afleiðusamningar - Nýjar gerðir fjármálasamninga

Ætlað lögfræðingum og öðrum sem áhuga hafa.

15. október

Fjallað verður um einstakar tegundir afleiðusamninga, aðallega valréttarsamninga (options), skiptasamninga (swaps) og framvirka samninga (futures/forwards). Framangreind hugtök verða útskýrð og farið yfir helstu grunnatriði þeirra. Farið verður sérstaklega yfir þær lagareglur sem gilda um afleiðusamninga og þau lögfræðilegu áli-taefni er snúa að skjalagerð vegna slíkra samninga.

Kennari: Bjarki Diego hrl. Tími: 15. okt. kl. 16:00-19:00.

Enska laganna: Samningagerð

Hagnýtt grunnnámskeið í ensku lagamáli, sniðið að þörfum íslenskra lögfræðinga og lögmanna sem eiga samskipti við erlenda aðila.

6. - 22. nóvember

Markmið námskeiðsins er að auka lesskilning og skilning á hugtakanotkun og uppbyggingu mismunandi samninga sem skrifaðir eru á ensku. Áhersla er lögð á að byggja upp faglegan orðaforða og að kynna rétta notkun algengra orða, orðasambanda og hugtaka. Einnig verður fjallað um grundvallarhugtök í engilsaxnesku lagakerfi og venju- og fordæmisrétti (common-law) einkum á sviði samningaréttar. Stuttir fyrirlestrar, hagnýtar æfingar og umræður.

Kennarar: Erlendína Kristjánsson lögfræðingur og enskukennari og Kári Gíslason MA í lögfræði og ensku.

Tími: Þri. og fim. 6. - 22. nóv. kl. 16:15-19:15 (6x).

Lög um lausafjárkaup

Ætlað lögönnum.

Kynnt verða ný lög um lausafjárkaup nr. 50/2000 sem tóku gildi 1. júní 2001.

13/15/20/21/22 nóvember

Lögð verður sérstök áhersla á að gera grein fyrir þeim breytingum og nýmælum sem felast í lögnum og áhrifum þeirra í framkvæmd. **Námskeiðið verður í fimm hlutum.**

Námskeiðsverð er jafnaðarverð sem miðast við að þátttakendur sækji þrjá hluta námskeiðsins. Þó er þátttakendum heimilt að sækja alla hlutana án aukagjalds.

Umsjón: Þorgeir Örlygsson ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.

Kennarar: Guðjón Axel Guðjónsson, Jónína S. Lárusdóttir, Kristín Haraldsdóttir og Hrafnkell Óskars-son lögfræðingar.

Tími: 13., 15., 20., 21. og 22. nóv. kl. 17:00-19:00.

Mannréttindareglur í stjórnarskrá og alþjóðasamningum

Ætlað lögfræðingum.

Gefið verður yfirlit yfir mannréttindaákvæði stjórna-rskrárinnar og alþjóðlega mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að. Hliðsjón verður tekin af ákvæðum alþjóðasamninga um mannréttindi og dómaframkvæmd á þessu sviði.

Kennari: Björg Thorarensen lögfræðingur og skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu.

Tími: 15. og 16. jan. 2002 kl. 16:00-19:00.

Skráning hjá Endurmenntunarfélögum Háskóla Íslands. Upplýsingar í síma 525-4444- tölvupóstur: endurmenntun@hi.is og heimasíða: www.endurmenntun.is

Námskeið hjá félagsdeild LMFÍ, haldin í kennslusal félagsins að Álftamýri 9, Reykjavík. Skráning fer fram hjá félagsdeild LMFÍ í síma 568-5620, tölvupóstur jonak@lmfi.is, veffang: www.lmfi.is

Hagnýt atriði í samskiptum lögmanna og váttryggingafélaga

Á sviði váttrygginga reynir á ýmis lög sem lögmenn þekkja, svo sem skaðabótalög, umferðarlög, lög um aðbúnað, öryggi og hollustu ávinnustöðum, lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, lög umbrunatryggingar o.fl.

**24.
október**

Fjallað verður um líkamstjón, munatjón og almennt fjártjón og þau gögn sem afla þarf svo hægt sé taka afstöðu til bótaskyldu og gera tjónið upp.

Í líkamstjónnum koma til skoðunar umferðar- og vinnuslys og m.a. fjallað um umboð, læknisvottorð, matsgerðir, könnun á sjúkrasögu, endurgreiðslu á útlögðum kostnaði og þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til uppgjors á tjóni, t.d. varðandi launatekjur, reiknað endurgjald, skattframtöl o.fl. Í munatjónum

ábyrgðartrygginga og í starfsábyrgðartryggingum verður fjallað um matsgerðir og uppgjör tjóna og farið yfir verklag varðandi tjón á skipum.

Kennari: Birgir G. Magnússon, hdl.

Staður: Kennslusalur LMFÍ að Álftamýri 9, Reykjavík.

Tími: 24. október 2001 kl. 16:00-19:00.

Verð: Félagsdeild: kr. 8.000.- Almennt verð: 11.000.

Störf verjenda og réttargæslumanna.

Fjallað verður um hlutverk og störf verjenda og réttargæslumanna í opinberum málum, á rannsóknarstigi og fyrir dómi, með hliðsjón af réttarreglum um réttindi og skyldur þeirra og nýlegum dómum Hæstaréttar.

Kennarar: Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hdl. og Sif Konráðsdóttir, hrl.

Staður: Kennslusalur LMFÍ að Álftamýri 9, Reykjavík.

Tími: 6. og 7. nóvember 2001 frá kl. 16:00-19:00.

Verð: Félagsdeild: kr. 13.000.- Almennt verð: 15.000.-

**6. og 7.
nóvember**

Námskeið fyrir starfsmenn á lögmannsstofum haustönn 2001

Námskeið hjá FÉLAGSDEILD LMFÍ. Skráning fer fram hjá félagsdeild LMFÍ í síma 568-5620, tölvupóstur jonak@lmfi.is, veffang: www.lmfi.is Lágmarksfjöldi er 10 manns.

Að veita afburða þjónustu.

Markmið námskeiðsins er að auka vitund þátttakenda um mikilvægi þjónustu og um leið að auka færni til að veita góða þjónustu. Tekið er fyrir hvað þjónustuvilji er, hvaðan hann kemur og hvernig hægt er að ýta undir hann. Einnig verður fjallað um mikilvægi góðrar framkomu og viðmóts gagnvart viðskiptavininum. Mikilvægi innri viðskiptavina er undirstrikuð í þjónustuveitingu, samvinna þverfaglegra hópa innan fyrirtækisins sem og frumkvæði og ábyrgð starfsmanna á eigin líðan á vinnustað. Markmið námskeiðsins er einnig að þátttakendur þekki rætur þjónustuvilja og hvernig hægt er að efla hann og virkja í daglegu starfi deilda. Að auka skilning þeirra á mikilvægi góðrar framkomu og viðmóts gagnvart viðskiptavininum.

**13.
nóvember**

- Þjónustuvilji. Greining á þörfum viðskiptavinarins
- Innri og ytri viðskiptavinir
- Frumkvæði og framtakssemi
- Samtalstækni og virk hlustun
- Tryggð viðskiptavina

Viðskiptavinir gera sífellt meiri kröfur og eru mun meðvitandi um þjónustu og gæði en áður. Mikilvægt er því fyrir starfsmenn að geta greint þarfir viðskiptavinarins og vita hvernig þjónustu þeir þarfnast. Starfsmenn þurfa að miða þjónustuna að þörfum viðskiptavinarins með hag hans að leiðarljósi. Fjallað er um mikilvægi þess að geta brugðið upp skýrri mynd af væntingum viðskiptavinarins og tryggt gott samband við viðskiptavininn svo hann komi aftur. Lykilatriði í þjónustu eru m.a. hæfni, kurteisi, trúverðugleiki, viðbrögð, áreiðanleiki og skilningur.

Leiðbeinandi: Þórunn Elva Guðjohnsen, ráðgjafi og þjálfari IMG.

Tími: 13. nóvember 2001 frá kl. 13:00-17:00.

Staður: Kennslustofa LMFÍ að Álftamýri 9, Reykjavík

Verð: Félagsdeild: kr. 13.500.-

Almennt verð kr. 16.000.-

Meistaramót lögmanna í golfi

Ásgeir Á. Ragnarsson, hdl.

Meistaramót lögmanna í golfi var haldið 7. september sl. eða fyrsta föstudag í september eins og ár hvert. Að þessu sinni var

leikið á Leynisvellið á Akranesi, sem nú er orðinn glæsilegur 18 holu golfvöllur.

Metþátttaka var í mótinu, enda 45 stórkylfingar mættir til

leiks á öllum aldri og öllum stigum golfþróttarinnar. Veðrið var, eins og oft í september mjög gott gluggaveður, en þegar út var komið var Kári heldur sterkur, enda slíkt ekki óalgengt á Skaganum.

Sjóva Almennar tryggingar hf. kostuðu mótið að þessu sinni með glæsilegu framlagi og buðu keppendum upp á pottrétt að leik loknum og drykk með, auk forlata verðlaunagripa úr gleri. Þakkar golfnefnd lögmannafélagsins Sjóva Almennum fyrir glæsilega kostun, sem mikill sómi var af. Þá ber að nefna að EJS gaf nándarverðlaun á tveimur þar 3 holum.

Úrslit mótsins urðu þessi:

Næstur holu 4. braut: Helgi Bragason

Næstur holu 18. braut: Birgir Már Ragnarsson

Fyrsta sæti án forgjafar:

Gísli Hall

Annað sæti án forgjafar:

Valgarður Sigurðsson

Þriðja stræti án forgjafar:

Ásgeir Á. Ragnarsson

Fyrsta sæti með forgjöf:

Jóhannes B. Björnsson

Annað sæti með forgjöf:

Tómas Árnason

Þriðja sæti með forgjöf:

Gísli Hall

Það er því Jóhannes B. Björnsson sem getur kallað sig félagsmeistara næsta árið. Með þessu móti lauk miklu golfsumri, þar sem lögmenn og velunnarar vörðu alla titla sína frá fyrra ári. Fullt hús annað árið í röð. Frábær árangur.

*Með kveðju,
Golfnefndin.*

Vínsmökkunarnámskeið

með Einari Thoroddsen, lækni
og vínábugamanni.

Félagsdeild stendur fyrir
vínsmökkunarnámskeiði þann
29. nóvember nk. frá kl. 20:30 og fram eftir
kvöldi. Námskeiðið verður haldið í
kennslusal LMFÍ að Álftamýri 9. Einar mun
koma með að minnsta kosti 9 tegundir af
léttvíni en hann er annálaður fyrir kunnáttu í
meðferð og smökkun á vínunum.

Verð : Félagsdeild kr. 4.000.-

Almennt : kr. 5.000.-

Skráning fer fram hjá félagsdeild í
síma 568 5620 eða með tölvupósti á
netfang jonak@lmfi.is



Spekingar spjalla.



Bernhard Bogason btl., Baldvin Björn Haraldsson btl. og Jóhannes Karl Sveinsson btl.

Golfsumarið mikla

Þegar sól tekur að hækka á lofti styttist vinnutími margra lögmanna í annan endann. Sjá má margan þaulsetinn puðarann taka að ókyrrast upp úr hádeginu og gá til veðurs í tíma og ótíma. Þessu veldur hin illræmda og bráðsmitandi golfbaktería. Lögmannafélag Íslands hefur veitt þjáðum félagsmönnum sínum líkn í formi skipulegra golfiðkana um margra ára skeið. Þátttakan hefur aukist ár frá ári og nú er svo komið að færri komast jafnan að en vilja, þegar att er kappi við aðrar stéttir.

Golfsumarið 2001 náðist sá merki árangur að lögmenn unnu sigur í árlegum viðureignum við



lækna, endurskoðendur og tannlækna. Er það mál manna að verðlaunabikarahilla Lögmannafélags Íslands sé tekin að svigna og að í

stað hillunnar þurfi að koma upp hillusamstæðu.

Lögmannaþingið hótti við hæfi að birta í hausttölublaði sínu nokkrar myndir af lögmönnum við golfiðkan á vegum félags síns. Myndirnar eru úr einkasafni Stefáns Pálssonar, hæstaréttarlögmans, sem veitti góðfúslegan aðgang og heimild til birtingar. Ekki er hægt að láta það hjá líða að geta þess að kylfingurinn og ljósmyndarinn Stefán tók stórstígu framförum í sumar svo eftir var tekið. Það er aldrei of seint.

Myndirnar eru teknar í minningarmóti um Guðmund Markússon, sem haldið var á golfvelli Oddfell-owa, og á Strandarvelli á Rangárvöllum þar sem lögmenn unnu glæstan sigur á læknum.



Gestur Jónsson btl. setur hina árlegu keppni lögmanna og lækna á Hellu. Kylfingar fylgjast spennfir með

Frá sýningu félagsdeildar

*Frá sýningu félagsdeildar LMFÍ og samstarfsaðila að
Hótel Loftleiðum 14. september*

Pann 14. september var haldin sýning á vegum félagsdeildar LMFÍ og fyrirtækja sem gert hafa samninga við félagsdeild um

afsláttarkjör fyrir lögmenn. Einnig tóku þátt í sýningunni fyrirtæki í tölvugeiranum sem kynntu forrit fyrir lögmenn. Fjöldi lögmanna lagði leið

sína á sýninguna eða tæplega 100 manns. Karl K. Karlsson hf. bauð gestum upp á Koníak og bjór við ágætari undirtektir gesta.



Benedikt Ólafsson, bdl. og Elinborg J. Björnsdóttir, bdl.



Einar Gautur Steingrímsson, brl., og Margrét Kjartansdóttir, lögfr. fulltrúi Europay skoða málin



Fulltrúar EJS kynntu DELL fartölvur og Palm lófátölvur



Fulltrúar Europay kynntu fyrirtækjakortið og tóku við posausmóknun.



Sverrir Tynes hjá Gagnageymslunni



Framkvæmdastjóri Læknafélagsins; Ásdís J. Rafnar, brl. og framkvæmdastjóri LMFÍ Ingimar Ingason.



Íris B. Viðarsdóttir hjá Logos skoðar stóla fyrir nýju skrifstofuna hjá Á. Guðmundssyni.



Fulltrúar frá GÁJ lögfræðistofu mættu og skoðuðu nýjungar.



Arcis kynnti öryggislausnir fyrir fartölvur og fleira.



Kjaran hf. kynnti ný kynslóð ljósritunarvéla.

Aukin tækifæri til endurmenntunar

Inngangur:

LMFÍ hefur um nokkurra ára skeið verið í samstarfi við Lögfræðingafélag Íslands, Dómarafélag Íslands og Endurmenntunarsstofnun Háskóla Íslands um námskeiðahald og endurmenntun. Í sumar tók stjórn LMFÍ þá ákvörðun að segja upp samningnum við Endurmenntunarsstofnun. Kom þetta einkum til af því að LMFÍ taldi sig



Helgi Jóhannesson,
brl.

vík um endurmenntun fyrir lögfræðinga. Gert er ráð fyrir að því samstarfi verði formlega hleypt af stokkunum um næstu áramót. LMFÍ lítur mjög björtum augum til þess samstarfs, enda hefur Háskólinn í Reykjavík á að skipa afar metnaðarfullu starfsfólki og fyrsta flokks aðstöðu til kennslu. Gert er ráð fyrir að lögmenn muni eiga þess kost að sækja námskeið samþæfileg þeim sem í boði hafa verið, en að auki verði endurmenntunarmöguleikarnir víkkaðir til muna.

Útleiga á fundarsal

Lögmenn geta fengið leigðan fundarsal á jarðhæð í húsnæði félagsins undir t.d. skiptafundi, gerðardómsmál o.fl.

Salurinn rúmar u.þ.b. 20-25 manns ef setið er við borð en annars eru sæti fyrir um 35-40 manns.

Leiguverðið er 2.500 krónur fyrir klukkustundina auk virðisaukaskatts.

Einnig er hægt að panta kaffiveitingar.

Háskólinn í Reykjavík mun, auk þess sem nefnt hefur verið, bjóða upp á viðameira og lengra endurmenntunarnám fyrir lögfræðinga.

ekki ráða nægilega miklu um hvaða námskeið voru í boði auk þess sem samstarfið uppfyllti ekki væntingar LMFÍ að öllu leyti.

Háskólinn í Reykjavík:

Fræðslunefnd LMFÍ, auk fræðslunefnda hinna félaganna sem nefnd voru hér að framan, hafa verið í viðræðum við Háskólann í Reykja-

Lengra nám – viðskiptatengd fög:

Ein af þeim breytingum sem fyrirhugað er að verði á endurmenntunarkostum fyrir lögmenn, er að Háskólinn í Reykjavík mun, auk þess sem nefnt hefur verið, bjóða upp á viðameira og lengra endurmenntunarnám fyrir lögfræðinga. Þannig stendur til að setja saman nám í rekstar- og viðskiptafræði fyrir lögfræðinga, en í slíku námi yrði um að ræða kennslu í ýmsum viðskiptatengdum fögum s.s. bókhaldi, lestri ársreikninga o.fl. auk þess sem hægt væri að flétta inn í það nám kennslu í verðbréfarétti, rekstri lögmennsstofa, svo eitthvað sé nefnt. Ekki hefur verið gengið frá nákvæmri útfærslu á þessum atriðum ennþá, en ljóst er að möguleikarnir eru margir.

Endurmenntun mikilvæg:

Ljóst er að ein forsenda þess að hægt sé að bjóða upp á vandaða lögfræðisþjónustu er að lögmenn séu í sífelldri endurmenntun. Samstarfið við Háskólann í Reykjavík getur að mati LMFÍ opnað margar dyr í því sambandi og tryggt lögmönnum vandaða og fjölbreytta valkosti á sviði endurmenntunar í framtíðinni.

ALLA VANTAR STIMPLA

Og þar erum við með lausnina fyrir þig!
Stimplar og stimpilpennar í öllum stærðum og gerðum. Til að auðvelda pöntunina ferð þú einfaldlega á netið og pantar á heimasíðu okkar
www.pmt.is



Krókháls 1 • 110 Reykjavík
Sími: 567-8888 • Fax: 567-8889

Hugleiðingar um örorkumatsmenn

I

Imngangur - vandamálin

Í þessari yfirlitsgrein vil ég benda á tvö vandamál sem tengd eru þeirri spurningu hverjir séu hæfir til að meta varanlega fjárhagslega örorku samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum, sbr. lög 37/1999 (hér eftir nefnd Skl): Í fyrsta lagi er spurt hverjir hafa nægjanlega þekkingu til að meta varanlega fjárhagslega örorku skv. 5. gr. Skl. Í öðru lagi er spurt hvort gera eigi sérstakar hæfniskröfur til þeirra sem meta varanlega fjárhagslega örorku skv. 5. gr. Skl.

Að gefnu tilefni vil ég taka fram, að í yfirlitsgrein þessari felst á engan hátt gagnrýni á þá lækna og aðra sem framkvæma mat á varanlegri fjárhagslegri örorku skv. 5. gr. Skl í dag, enda er mér kunnugt um að flestir þeir sérfræðingar sem sinna þessu starfi eru afar færir á *sínu sviði*. Tilefni þessara hugleiðinga er að vekja athygli á að þeim kröfum sem gerðar eru til matsmanna skv. gildandi rétti, þ.e. *Skl*, virðist ekki alltaf vera fullnægt í framkvæmd.

II

Kröfur um sérfræðimenntun

Eins og kunnugt er, hefur Skl verið breytt þannig, að Örorkunefnd sem starfar skv. 10. gr. laganna mun fyrst og fremst vera áfrýjunarstig, sbr. 9. gr. laga 37/1999, sem er töluverð breyting frá því sem áður var, þegar mál gátu farið beint fyrir nefndina, án þess að áður lægi fyrir eiginlegt sérfræðilegt álit um varanlega miska og örorku tjónþola. Bæði tjónþola og þeim sem ábyrgð bar á tjóninu var heimilt að leita til Örorkunefndar á frumstigi, án þess að samkomulag þyrfti að vera um þá málsmeðferð.

Meginreglan nú er, samkvæmt



*Björn Danielsson
Ph.D. stud.*

*Í fyrsta lagi er spurt
hverjir hafa nægjanlega
þekkingu til að meta
varanlega fjárhagslega
örorku*

skýru orðalagi 1. mgr. 10 Skl, að fyrst á að liggja fyrir „*sérfræðilegt álit um örorku og/eða miskastig tjónþola*“, [eða þá læknisfræðilegu þætti skv. 2. og 3. gr. sem meta þarf til þess að uppgjör bóta samkvæmt lögnum geti farið fram] til að mál verði lagt fyrir Örorkunefnd, nema málsaðilar standi sameiginlega að matsbeðni beint til nefndarinnar. Tekið er fram í greinargerð með 9. gr. laga 37/1999, að breytingin sé fyrst og fremst gerð til að létta álagi af Örorkunefnd, en áfram sé það „*meginblutverk nefndarinnar að stuðla að því, að viðunandi samræmi geti fengist um matsniðurstöður*“ (Alþt. A deild 1998-99 s. 1298 o.áfr.).

Undirstrika verður hins vegar í þessu sambandi, að engin breyting er gerð með 9. gr. – eða öðrum ákvæðum – laga 37/1999 á þeim reglum og sjónarmiðum sem gilda um hvaða kröfur séu gerðar til menntunar þeirra sem meta varanlega örorku og varanlegan miska hjá tjónþola, enda er grunnhugmyndin eftir sem áður sú, að um sé ræða mat á varanlegum *læknis-*

fræðilegum miska, og varanlegri fjárhagslegri örorku. Er því hægt að vísa til upphaflegu laganna sem giltu 1. júlí 1993 hvað þetta varðar, ásamt sömu meginreglu sem áfram er stuðst við í núverandi lögum, en þessa reglu má líka leiða af greinargerð laganna og eðli máls. Fyrir utan þessar heimildir er hægt að vísa til dómaframkvæmdar, fræðiskoðana, annarrar löggjafar, og – til samanburðar – dansks réttar.

II.1.

Skl, greinargerðir með þeim, og eðli máls

(1) Í 2. mgr. 10. gr. Skl kemur fram, að í Örorkunefnd eigi sæti þrjú menn, þar sem tveir skuli vera læknar og einn lögfræðingur, sem einnig skal vera formaður nefndarinnar. Þannig eru ótvírætt gerðar kröfur um lögfræðilega og læknisfræðilega menntun þeirra sem sitja í nefndinni og eru frá því engar undantekningar, sbr. skýrt orðalag 10. gr. að þessu leyti. Verður því að ætla að sú regla gildi að breyttu breytanda um alla þá sem framkvæma örorkumat samkvæmt Skl, enda er verið að meta sams konar tjón, hvort sem Örorkunefnd metur það eða sérstakir matsmenn.

(2) Í greinargerð með Skl, eins og þau voru orðuð þann 1. júlí 1993, kemur m.a. fram í athugasemdum með 10. gr. laganna: „Ef frumvarpið verður að lögum verður gerbreyting á forsendum og grunni örorkumats. Horfið verður frá mati sem í aðalatriðum er talið læknisfræðilegt. Í stað þess kemur svonefnt fjárhagslegt örorkumat sem felur í sér álit á því hvort og að hve miklu leyti geta tjónþola til að afla vinnutekna hefur skerst varanlega. *Vegna þessa er nauðsynlegt að örorkumat verði ekki einungis í höndum lækna*“. Skýra verður þetta orðalag greinargerðarinnar í samræmi við það sem kem-

ur beint fram í 10. gr. Skl, þ.e. að matsgerðir Örorkunefndar séu framkvæmdar af lög-fræðingi og lækni (læknum). Þegar sagt er að „örorkumat [sé] ekki einungis í höndum lækna“ er þannig án vafa fyrst og fremst átt við lögfræðinga (samanburðarskýring).

(3) Í greinargerð með 10. gr. Skl, eins og þau eru orðuð eftir breytingar sem gerðar voru með 9. gr. laga 37/1999, kemur ekki beint fram hvaða sérfræðingar eigi að framkvæma grunnmatið vegna varanlegrar fjárhagslegrar örorku, varanlegs miska, eða vegna þeirra læknisfræðilegu þátta sem mælt er fyrir um í 2. gr. (atvinnutjón) og 3 gr. (þjáningarbætur) laganna. Þögn greinargerðinnar – burtséð frá þeirri staðreynd að talað er um læknisfræðilega þætti – verður því að skýra svo, að sömu reglur gildi um þessa matsmenn eins og um Örorkunefnd hvað varðar menntun, þ.e. lögfræði- og lækni menntun, enda er verið að meta sams konar tjón, og engin rök til að gera minni eða aðrar kröfur til sérfræðipækkingar þeirra sem framkvæma grunnmatið.

(4) Af eðli máls leiðir loks, að það eru fyrst og fremst læknar og lögfræðingar sem hafa nægjanlega þekkingu á þeim málaflokki sem sérfræðimatið varðar. Læknirinn hefur einn nægjanlega þekkingu á líkamlegum og andlegum áverkum tjónþola, og lögfræðingurinn hefur einn nægjanlega þekkingu á tjónshugtakinu og öðrum þáttum sem varða skaðabótaábyrgð t.d. hinni svokölluðu tjónstak-mörkunarskyldu tjónþola. Læknirinn getur með öðrum orðum ekki unnið matið faglega án lög-fræðingsins, og lögfræðingurinn getur ekki unnið matið faglega án læknisins. Lögfræðingurinn hefur sjaldnast lækni menntun og læknirinn er sjaldnast löglærður.

II.2.

Dómaframkvæmd

Það finnst engir Hæstaréttardóm- ar, þar sem reynt hefur beint á spurninguna hverjir séu hæfir –

eða ekki hæfir – til að meta varanlega fjáraglega örorku skv. 5. gr. Skl. Spurningin er þó sérstaklega raunhæf eftir þær breytingar sem gerðar voru á 10. gr. Skl með 9. gr. laga 37/1999, þar sem gert er ráð fyrir að fyrir liggi ákveðið grunnmat áður en matsbeiðni er send til Örorkunefndar, nema málsaðilar standi saman að beiðni bent til nefndarinnar. Aftur á móti má benda á, að í framkvæmd eru **dómkvaddir matsmenn** jafnan lögfræðilega- og læknisfræðilega menntaðir, þ.e. lækni (læknar) og lögfræðingar (lögfræðingar) meta sameiginlega varanlega fjárhagslega örorku skv. 5. gr. Skl – og eftir atvikum einnig annað tjón – samkvæmt upplýsingum frá Héraðsdómi Reykjavíkur. Sjá einnig til samanburðar t.d. H 1999.1666 (tveir læknar og einn lögfræðingur) og fyrir gildistöku Skl t.d. H 1995.2194 ásamt 1995.3252 (einn lækni og einn lögfræðingur)

Dómaframkvæmd svarar hins vegar spurningunni óbeint þannig, að það er matsbeiðandi sem ber hallann af því ef hann fær ófæran eða vanhæfan aðila til að sinna matinu, sbr. t.d. H 1995.704 (kærumál). Málsatvik í því máli voru eftirfarandi: Lögmaður stefnanda gerði í líkamstjónamáli athugasemdir við þá hugmynd dómara að dómkvaddir yrðu lögfræðingar og lækni til að meta tjón tjónþola, en matsbeiðandi var stefndi (tryggingarfélag). Lögmaðurinn gerði nánar tiltekið athugasemdir við að annar matsaðili væri lögfræðingur, og lutu mótmælin að því, að lögfræðingur sem matsmaður, hefði ekki til að bera meiri þekkingu en dóm- arar þeir, sem myndu leggja endanlegan dóm á deiluefnið, sbr. 2. mgr. 60. gr. laga 91/1991. Lögmaðurinn gerði hins vegar engar athugasemdir við að dómkvaddir yrðu tveir læknar. Þessu mótmælti lögmaður stefnda og gerði kröfu um að annar matsaðili væri lögfræðingur. Benti hann á, að fyrir hendi væru lögfræðingar sem hefðu sér-staka þekkingu á því ágreiningsefni, sem matsmönnum

er ætlað að leggja mat á, og reynslu á því sviði. Í héraðdómi kom fram, að það væri stefndi sem greiddi fyrir matið og um sönnunargildi mats-gerðarinnar færi eftir öðrum atvikum sem síðar kynnu að koma til. Síðan segir: „**Samkvæmt efni fram lagðrar matsbeiðni** lögmanns stefnda þykir ekki óeðlilegt, að annar dómkvaddra matsmanna sé lögfræðingur og er ekki leitt í ljós neitt það, sem mælir sérstaklega gegn því. Ber því að taka til greina þá kröfu lögmanns stefnda, að annar dómkvaddra matsmanna verði lögfræðingur“ (s. 705 o.áfr.). Hæstiréttur tók einnig fram, að það væri stefndi sem hefði óskað eftir matsgerðinni, og það væri hann sem greiddi fyrir matið. Síðar segir: „Við úrlausn um efnishlið málsins kemur í hlut héraðsdómara að meta sönnunargildi matsgerðarinnar, þar á meðal, hvort einhverjir þeir bestir kunni að vera á þekkingu matsmanna á matsefninu, sem áhrif hafa á gildi hennar. Standa þá engin rök til þess að játa sóknaraðila rétt til þeirrar íhlutunnar í mála- tilbúnað varnaraðila, sem hér er deilt um“. Hinn kærði úrskurður var því staðfestur (s. 704 o.áfr.).

Með öðrum orðum gildir hér sami útgangspunktur og endranær um **frjálst sönnunarmat í réttaritari**, sbr. t.d. til samanburðar ummæli Hjartar Torfasonar í H 1995.2200 (sératkvæði), sem enn eiga við, butséð frá þeim takmörkunum sem settar hafa verið í Skl og önnur lög sem gilda um útreikning bóta vegna líkamstjóns (s. 2200): „Samkvæmt almennum reglum um skaðabætur utan samninga hafa dómstólar að meginstefnu haft um það sjálfstætt og endanlegt mat, hver væri hæfileg fjárhæð bóta fyrir slys á mönnum, hvort heldur vegna fjártjóns eða miska, og ákvarðað hana einstaklingsbundið. Hefur sönnun um það, hvað bæta þurfi, verið háð meginreglu réttarfarslaga um frjálst sönnunarmat dómenda. [...]“. Dómariinn vísaði til meginreglu í 61. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í

þessu sambandi, þar sem m.a. segir í 3. mgr.: „Þann einn má dómkveðja til að fram-kvæma mat sem er orðinn 20 ára að aldri, er að öllu leyti óaðfinnanlegt vitni um það atriði sem á að meta og hefur *naudsynlega kunnáttu* til að leysa starfann af hendi eða annars þá *kunnáttu sem bestrar er kostur*. [...]“.

Skoðun á dómaframkvæmd gefur því ótvírátt til kynna að mat á fjárhagslegri örorku sé einnig lögfræðilegt vandamál. Er sú niðurstaða eðlileg þegar um er að ræða skaðabótarétt vegna líkamstjóns, þar sem mjög flókin álitaefni geta tvinnast saman. Er þar m.a. að nefna tjónstakmörkunarskyldu tjónþola, reglur um sönnun, o.fl. álitaefni sem hafa mikla þýðingu við mat á varanlegu tjóni tjónþola. Ég lít því svo á, að þegar 61. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála mælir fyrir um nauðsynlega kunnáttu eða þá kunnáttu sem bestrar er kostur, er eðli máls samkvæmt eðlilegt að lögfræðingur og læknir meti varanlega fjárhagslega örorku tjónþola *sameiginlega*.

II.3.

Fræðiskoðanir, önnur lögjöf og danskur réttur

Viðar M. Matthíasson, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, er einn af þeim fáu sem skrifað hefur stutta lögfræðigrein um mat á varanlegri fjárhagslegri örorku skv. 5. gr. Skl, sbr. Úlfjótur, tímarit laganna 1998 (2. tbl.) s. 171 o.áfr. Á s. 192 segir hann m.a. eftirfarandi: „[...] Það má [...] fullyrða, að mat á varanlegri örorku eitt og sér verður einungis framkvæmt af lækni eða sérfræðingi með sambærilega þekkingu á líkamstjóninu og afleiðingum þess. Telja verður rétt, að með lækni-um eða sérfræðingnum við matsstörfín, sé maður sem sérfróður er um flesta af öðrum þáttum, sem til skoðunnar koma. Má nefna lögfræðing, viðskiptafræðing, löggiltan endurskoðanda, félagsfræðing/sálfræðing eða aðra, sem hafa sérstaka þekkingu á málefnum vinnumarkaðarins“.

Við þessi orð höfundarins verður að gera nokkrar atbugasemdir:

Í fyrsta lagi er erfitt að átta sig á hvað höfundur á við með að annar sérfræðingur en læknir geti haft sambærilega þekkingu á líkamstjóninu og afleiðingum þess. Telja verður að læknir verði ávallt að vera tilkvaddur til að meta varanlega fjárhagslega örorku, enda er hann einn fær um sinna mati á líkamlegu og andlegu tjóni tjónþola, þótt vissulegi geti líka legið fyrir gögn frá sálfræðingi og öðrum sérfræðingum í málinu.

Skoðun á dómaframkvæmd gefur því ótvírátt til kynna að mat á fjárhagslegri örorku sé einnig lögfræðilegt vandamál.

Í öðru lagi virðist höfundur leggja ofuráherslu á þekkingu á málefnum vinnumarkaðarins, en ekki þekkingu á tjónshugtakinu, sem er afar flókið, enda efni í heila doktorsritgerð. Þeim sem hefur skilning á tjónshugtakinu ætti jú að vera tækt að afla sér upplýsinga um málefni vinnumarkaðarins. Í framkvæmd er einnig mikilvægt að gengið sé að ákveðnum sérfræðiaðilum til að meta tjónið, þ.e. lögfræðingi og lækni. Önnur framkvæmd gæti skapað ágreining um hæfni hinna einstöku matsmanna.

Í þriðja lagi orðar höfundurinn það að mínum dómi of varfærnislega, að annar aðili en læknir eigi *líka* að vera í hverju matsmáli, sbr. orðalagið „telja verður rétt...“. Að mínu mati hefði verið skynsamlegra að segja að annað væri rangt.

Arnjótur Björnsson, þáv. prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, hefur skrifað stutta lögfræðilega grein um mat á varanlegri örorku samkvæmt eldri rétti sem birt er í bókinni *Kaflar úr skaðabótarétti* (1990) s. 387 o.áfr. Á s. 390 fjallar höfundur um hverjir úrskurða örorku? Þar kemur fram að læknar skeri úr um, hvort örorka

sé varanleg; það séu þeir sem meti örorkuna, og að matsgerð læknisins nefnist örorkumat. Þá kemur fram að örorkumat megi skjóta til lækna ráðs, ef viss skilyrði séu fyrir hendi, og að önnur leið til að leita sérfræðlegrar umsagnar um örorkumat sé að fá dómkvadda matsmenn (lækna) til að láta í ljós álit um örorkumat eða meta sjálfstætt örorku tjónþola, sbr. H 1989.653 og H 1989.1061. Sú leið sé hins vegar ekki oft farin.

Við þessi orð höfundar verður að gera nokkrar atbugasemdir skv. núgildandi rétti (þ.e. Skl):

Í fyrsta lagi, fer í dag fram mat á varanlegri fjárhagslegri örorku tjónþola, ef talið er að hann muni verða fyrir tekjuskerðingu í framtíðinni. Fyrir gildistöku Skl var þetta mat læknisfræðilegt og stuðst við örorkumatsskrár, sem að mestu voru miðaðar við skerðingu á líkamlegri vinnu. Munurinn á þessu tvennu er mikill eins og kemur fram í ofanefndri grein Viðars M. Matthíassonar, og er óhætt að segja, að hið fjárhagslega örorkumat sé mun flóknara en hið læknisfræðilega. Það verður því ekki lengur aðeins á færi lækna að meta varanlega örorku.

Í öðru lagi þá er orðið mun algengara nú að lögmenn og aðrir sem vinna við slysamál í tengslum við uppgjör líkamstjóna, dómkveðji matsmenn til að meta varanlega (fjárhagslega) örorku. Í framkvæmd eru dæmi um að fyrir dómara liggja fjórar matsgerðir á tjóni tjónþola, þ.e. grunnmat, mat frá Örorkunefnd, mat dómkvaddra matsmanna og loks yfirmat dómkvaddra matsmanna. Ástæða þessa sýnist fyrst og fremst vera skortur á rökstuðningi í matsgerðunum – e.t.v. vegna vöntunar á sérfræðikunnáttu.

Mikilvægt er hins vegar að rugla ekki saman mati á varanlegri örorku samkvæmt Skl og mati á varanlegri örorku skv. annarri lögjöv. Hef ég þá einkum í huga þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá bætur frá almannatryggingum og bætur samkvæmt kjarasamningum

þegar maður verður fyrir líkamstjóni sem leiðir af sér skerta starfsgetu. Kanna verður a.m.k. til hlítar hvaða tjón sé verið að meta í hinum síðarnefndu tilvikum, þ.e. læknisfræðilega- eða fjárhagslega örorku. Í þessu sam-hengi er rétt að undirstrika, að um mat á varanlegri örorku samkvæmt svokölluðu brotapolalögum og sjúklingatryggingarlögum gilda sömu reglur og í Skl (burtséð frá bótatak-mörkunum). Læknir og lögfræðingur verða því einnig að koma hér að með sömu rökum.

Eins og kunnugt er, eru íslensku Skl dönsk að stofni til, sbr. Erstatningsansvarsloven (Eal) frá 1984. Skv. 10. gr. þeirra laga hefur bæði tjónþoli og sá sem ber ábyrgð á tjóninu heimild til að leita til Arbejdsskadestyrrelsen til að fá umsögn um varanlegan læknisfræðilegan miska og varanlega fjárhagslega örorku, en sú stofnun hefur í vinnu mikinn fjölda lækna og lögfræðinga sem sinna þessu mati *sameiginlega*. Það er skemst frá því að segja, að í framkvæmd eru nær *undantekningarlaust* öll mál sem varða varanlega fjárhagslega örorku í Danmörku send til Arbejdsskadestyrrelsen. Gildir það t.d. hjá dönskum tryggingarfélögum, sem – eins og Íslandi – eru stærstu bótagreiðendurnir vegna líkamstjóna, en innanhúslæknir félaganna tekur aðeins að sér að meta varanlegan miska, og hjá a.m.k. einu félagi aðeins þegar um er að ræða fullorðna einstaklinga.

III Frekari kröfur til matsmanna

Hitt álítaefnið sem taka þarf afstöðu til varðandi „hæfi“ þeirra matsmanna sem meta varanlega fjárhagslega örorku er, hvort *sérstakar kröfur* – umfram almennar kröfur um sérfræðimenntun – verði að gera til þeirra lækna og lögfræðinga sem meta (miska- og) örorkustig tjónþola?

Á að gera kröfur til þess að læknirinn sé sérfræðingur í bæklunarlækningum, o.s.frv. og á gera kröfur til þess að lögfræðingurinn

eigi að baki sérfræðinám í skaðabótarétti með sérstaka áherslu á tjónshugtakið (og/eða líkamstjónarétt) o.s.frv.?

III.1. Auknar menntunar-kröfur

Fyrirnefnd grein Viðars M. Matthíassonar sem birt er í Úllfjóti 1998 (2. tbl) s. 171 o.áfr. sýnir að hve mörgu er að gæta þegar meta þarf varanlega fjárhagslega örorku tjónþola. Um er að ræða ákveðin sjónarmið sem hafa verður í huga, sem síðan fjölmargar undantekningar eru frá. Ég vísa í þessu samhengi aftur til þeirra atríða sem talin eru upp í 3. mgr. 61. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þ.e. kröfunnar um að matsmaður – fyrir utan 20 ára aldur og að viðkomandi sé óaðfinnanlegt vitni – hafi nauðsynlega kunnáttu til að leysa af hendi starfann, eða hann hafi þá kunnáttu sem bestrar er kostur. Það er með öðrum orðum ekki á hendi hvaða læknis og lögfræðings sem er að vinna að matsgerð um varanlega fjárhagslegra örorku tjónþola. Gera verður einhverjar lágmarkskröfur í þeim efnum, þannig að matsmaður hafi a.m.k. þá kunnáttu sem „*bestrar er kostur*“.

Vandamálið sem við er etja í þessu sambandi er hins vegar hve lítið er um hreina sérfræðinga hér á landi, einkum á sviði lögfræðinnar, og hefur því jafnan sá einstaklingur sem metur tjónþola til örorku ekki sérstaka menntun í líkamstjónarétti. Þvert á móti eru dæmi um að matsmenn (einkum lögfræðingar) sem meta örorku og varanlega miska tjónþola, séu sérfræðingar á allt öðru sviði en því sem hér um ræðir. Þá eru hinir sömu aðilar jafnan í fullu aðalstarfi hjá öðrum, og því oft mjög útmansauðir, auk annarra ókosta sem fylgir því að vinna störf í aukavinnu. Er þar helst að nefna þann ókost, ef matsmaður tekur aðeins að sér fá matsmál, að hann skorti yfirsýn og fylgi ekki jafnræði í sínu mati samanborið við önnur mót (á öðrum tilsvarendi tjónum), sbr. nánar hér fyrir neðan.

III.2. Auknar kröfur um yfirsýn

Í greinargerð með 10. gr. Skl, eins og hún var orðuð með 9. gr. laga 37/1999, kemur m.a. fram að hlutverk Örorkunefndar sé (líka) að sinna ákveðnu jafnræðishlutverki, eða eins og þetta er orðuð í greinargerðinni „*að stuðla að því að viðunandi samræmi geti fengist um matsniðurstöður*“ (Alþt. 1998 s. 1298 o. áfr.). Ennfremur er hægt að benda á eftirfarandi orð greinargerðar með 10. gr Skl, eins og hún var orðuð þann 1. júlí 1993; “[.]. *Einnig þykir sjálfsagt að hér á landi sé aðeins einn aðili sem befur með höndum mat á varanlegri örorku.* [.]“, og er þá átt við Örorkunefnd sem starf-ar skv. 10. gr. Skl.

Hugsunin er væntanlega sú, að það sé ótækt að hinir ýmsu læknar (og lögfræðingar) sem hefðu þessi verk ella með höndum séu með ósamræmi í niðurstöðum sínum varðandi sambærileg tjón hjá tjónþolum. Tjónþoli á ekki að geta gengið á milli matsmanna og fengið mismunandi örorkumat. Á sama hátt eins og gengur og gerist hjá dómstólunum, er þannig reynt að skapa ákveðinn grundvöll fyrir venju á réttarsviðinu, þar sem mönnum er ekki mismunað. Ákveðin stöðlun, þrátt fyrir einstaklingsbundið mat, er með öðrum orðum grunnhugmynd Skl, eins og má berlega lesa úr greinargerð laganna.

Niðurstaðan af þessum orðum og vangarveltum er því sú, að mjög mikilvægt sé að þeir lögfræðingar og læknar sem sinna mati á varanlegri fjárhagslegri örorku skv. 5. gr. Skl séu með mikla yfirsýn yfir gildandi rétt á réttarsviðinu. Sá matsmaður sem metur tjónþola á grunnstigi verður þannig að hafa hugmynd um „*hver sé gildandi réttur*“; en svar við þeirri spurningu fæst aðeins með því að skoða hvaða mat Hæstiréttur leggur á matsgerðir vegna varanlegrar fjárhagslegrar örorku skv. 5. gr. Skl., eða meta hvaða mat rétturinn myndi leggja til grundvallar ef

hann fengi vandamálið til úrlausnar. Það er því að vera mjög óheppilegt, ef matsmaður af einhverjum ástæðum hefur ónóga yfirsýn yfir réttarsviðið, þar sem almennu jafnræði verður ekki fylgt í slíkum tilvikum.

III.3. Aukinn kostnaður

Það virðist vera nokkuð mismunandi í framkvæmd hvort grunnmatið á varanlegri fjárhagslegri örorku og varanlegum læknisfræðilegum miska, er framkvæmt af einum lækni eða tveimur (eða í undantekningartilvikum einum lækni og einum lögfræðingi). Þegar tryggingarfélög eiga hlut að máli virðist venjan vera sú, að félagið tilnefni einn lækni og lögmaður tjónþola tilnefni einn lækni. Í öðrum mála-flokkum virðast hins vegar vera mörg dæmi um að aðeins einn læknir sé tilnefndur sem matsmaður til að meta þessa sömu bótaþætti

Það gefur augaleið, ef ávallt verður a.m.k. að skipa einn lögfræðing og einn lækni til að meta varanlegt tjón tjónþola, þá verða eins manns mötin úr sögunni, sem þýðir jafnan aukin útgjöld fyrir hverja matsgerð, þ.e. 50 % hækkun. Þótt þetta sé auðvitað áhyggjuefni fyrir þá bótagreiðendur sem aðeins hafa fengið einn lækni til meta tjónið, verður að benda á, að hjá þessari breytingu verður ekki komist, ef fylgja á gildandi rétti skv. Skl. *Grunnmatið á að vera framkvæmt af lækni og lögfræðingi. Hvernig að þeirri tilnefningu verður staðið í framkvæmd er aukatriði.*

IV. Lokaorð – lausn vandamála?

Niðurstaða mín er af þessum vangaveltum er ótvírætt sú, að hætta eigi að senda tjónþola til tveggja lækna sem meta *sameiginlega* varanlega fjárhagslega örorku skv. 5. gr. Skl. Hið rétta er að læknir og lögfræðingur eiga að meta þetta tjón sameiginlega þannig að löggjafarviljanum sé fylgt í framkvæmd. Og auðvitað verður að

gera kröfur um að þessir matsmenn rökstyðji matsgerðir sínar ítarlega, þar sem niðurstaða þeirra hefur annars mjög takmarkað gildi sem sönnunargagn innan eða utan réttar. Bæði bótagreiðandi og tjónþoli eiga jú kröfu á því að matsgerð sé rökstudd, sbr. til hlið-sjónar ákvæði 4. gr. reglugerðar um starfsháttu Örorkunefndar.

Það er þó ekki víst að tilnefning

Niðurstaða mín er af þessum vangaveltum er ótvírætt sú, að hætta eigi að senda tjónþola til tveggja lækna sem meta sameiginlega varanlega fjárhagslega örorku

læknis og lögfræðings leysi öll þau vandamál sem að ofan eru greind eða þá almennu óánægju sem virðist ríkja varðandi hvernig að matsgerðunum er staðið. Það verður hins vegar að gera þá kröfu til þeirra sem vinna með slysamál í tengslum við uppgjör líkams-tjóna að þeir fullnægi lágmarksformkröfum í því sambandi – annað er ekki sanngjarnt gagnvart tjónþolanum. A.m.k. verður að gera þá kröfu til lögmanna að þeir leiðbeini skjólstæðingum sínum í samræmi við gildandi rétt, þannig að skjólstæðingarnir hafi möguleika á að grípa inn, og hafna því að læknir (læknar) verði eingöngu látinn meta varanlega fjárhagslega örorku.

Höfundur vinnur að doktorsritgerð innan líkamstjónaréttar.

Gerð Hæstaréttarágripa

Tek að mér að útbúa ágríp til Hæstaréttar.

Vönduð vinnubrögð og sanngjarnt verð.

Hef góða meðmælendur.

Una Árnadóttir

GSM 691 0347

Netfang: unaarna@tal.is

Atvinna óskast

Ensku og íslenskumælandi lögfræðingur frá Suður-Afríku óskar eftir starfi á lögmannsstofu.

Talar góða íslensku auk ensku. Hefur einnig lokið BA í ensku og kennsluréttindum frá Háskóla Íslands og kennir lagaensku hjá Endurmenntunarstofun Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Erlendína Kristjánsson í síma: 552 6350 eða erlending@hi.is.

Breytingar á félagatali

Vinsamlegast athugið að allar breytingar á félagatali eru uppfærðar reglulega á heimasíðu félagsins.
Vefslóðin er www.lmf.is

Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Hörður Felix Harðarsson, hrl.

Ný málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

Elisabet Þórisdóttir, hdl.

Búnaðarbanki Íslands hf.

Austurstræti 5

155 Reykjavík

S: 525-6000 - Fax: 525-6249

Erna Guðmundsdóttir, hdl.

BSRB

Grettisgata 89

101 Reykjavík

S: 562-6688 - Fax: 562-9106

Friðrik Friðriksson, hdl.

Innheimtustofnun sveitarfélaga

Lágmúla 9

108 Reykjavík

S: 568-6099 - Fax: 568-6299

Hjalti Árnason, hdl.

Lögmenn sf.

Skipholti 50c

105 Reykjavík

S: 561-8200 - Fax: 561-8201

Högni Friðþjófsson, hdl.

Íslandsbanki FBA

Kirkjusandi

S: 560-8766 - Fax: 580-5099

Ingunn Ólafsdóttir, hdl.

Póst-og fjarskiptastofnun

Smiðjuvegur 68-70

200 Kópavogur

S: 510-1500 - Fax: 510-1509

Nökkvi Már Jónsson, hdl.

Landslög ehf.

Hafnargata 31

230 Keflavík

S: 421-1733 - Fax: 421-4733

Ólafur Jóhannes Einarsson, hdl.

Logos lögmennsþjónusta ehf.

Efstaleiti 5

103 Reykjavík

S: 540-0300 - Fax: 540-0301

Sigurður Valgeir Guðjónsson, hdl.

Fyrirtækjaþjónusta Kaupþings hf.

Ármúla 13

108 Reykjavík

S: 515-1500 - Fax: 515-1509

Stefán Þór Bjarnason, hdl.

Landsbanki Íslands, fyrirtækjasvið

Laugavegi 77

155 Reykjavík

S: 560-6000 - Fax: 552-9759

Endurúttefning málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

Þórhildur Lilja Ólafsdóttir, hdl.

Borgarverkurfræðingur

Skúlatún 2

105 Reykjavík

S: 563-2300 - Fax: 5632310

Anna Linda Bjarnadóttir, hdl.

Geitlandi 6

108 Reykjavík

S: 894-6090 - Fax: 552-9490

Aðalsteinn Þorsteinsson, hdl.

Byggðastofnun

Ártorg 1

550 Saudárkrókur

s: 455-5400 - Fax: 455-4669

Sigrún Benediktsdóttir, hdl.

Lögfræðiþjónustan

Klapparstíg 25-27

101 Reykjavík

S: 562-0822 - Fax: 562-0822

Nýtt aðsetur:

Árni Páll Árnason, hdl

Evrópuráðgjöf sf.

Lækjargötu 4

101 Reykjavík

S: 552-3680 - Fax: 552-3650

Logos Lögmennsþjónusta sf. hefur flutt að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík.

Nýr vinnustaður:

Ágúst Þórhallsson, hdl.

Fjarvernd-verðbréf

Þingholtsstræti 27

101 Reykjavík

S: 590-9012 - Fax: 590-9012

Guðmundur St. Ragnarsson, hdl.

Lögstofan ehf.

Skipholti 50d

105 Reykjavík

S: 544-4340 - Fax: 511-3410

Helgi Teitur Helgason, hdl.

Lögheimtan ehf.

Geislagötu 5

600 Akureyri

S: 462-4606 - Fax: 462-4745

Jón Finnbogason, hdl.

Kaupþing, markaðsviðskipti

Ármúla 13

108 Reykjavík

S: 515-1421 - Fax: 515-1599

Ólöf Nordal, hdl.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst

311 Borgarnesi

S: 433-3000 - Fax: 4333001

Sonja M. Hreiðarsdóttir, hdl.

Fjármálaráðuneytið

Arnarhvali

150 Reykjavík

S: 560-9200 - Fax: 562-8280

Vala Valtýsdóttir, hdl.

Tax.is hf.

Hamraborg 10, 5 hæð.

200 Kópavogur

S: 555-6000 - Fax: 555-6045

Sigurður Sigurjónsson, hrl.

Lögfræðiþjónustan

Hús verslunarinnar

Kringlan 7, 2. hæð

103 Reykjavík

S: 520- 5588 - Fax: 568-9948

IMA – Íslenskur málflutningur og alþjóðaráðgjöf ehf. hefur breytt nafni sínu í:

Landwell

Kringlunni 4-12

Pósthólf 3068

103 Reykjavík

S: 550-0500 - Fax: 550-0505

Ásgeir Á. Ragnarsson hdl.

asgeir.ragnarssons@is.landwell-global.com

Baldvin Björn Haraldsson hdl.

baldvin.haraldsson@is.landwell-global.com

Einar B. Árnason hdl.

einar.b.arnason@is.landwellglobal.com

Lög ehf. og Skattar og ráðgjöf ehf. hafa sameinast undir nafninu:

Tax.is hf.

Hamraborg 10, 5 hæð

200 Kópavogur

S: 555-6000 - Fax: 555-6045

Bjarnfreður Ólafsson bo@tax.is

Eyvindur G. Gunnarsson egg@tax.is

Garðar Valdimarsson gv@tax.is

Guðjón Ólafur Jónsson goj@tax.is

Vala Valtýsdóttir vv@tax.is

ISUMIRI SNIÐGANGA VIÐSKIPTAVINI OKKAR

Innbrotshjófar gerast nú æ bífarnari í að sigta út þau fyrirtæki, þar sem allur aðbúnaður er eins og best verður á kosjö, að þeirra mati.

Gerðu strax ráðstafanir til að tryggja að þessir menn sniðgangi þitt fyrirtæki. Kostnaðurinn, samfara örygginu, er aðeins brot af skaðanum sem þeir geta valdið.



Firmavörn Securitas fullkomið öryggiskerfi að láni

Securitas býður nú fyrirtækjum að fá að láni fullkomið öryggiskerfi, alsjáandi auga sem hleypir engum óboðnum gesti inn. Fyrir kerfið sjálft og uppsetningu þess þarf ekkert að borga en mánaðarlegt þjónustugjald felur í sér útköll og þjónustu við kerfið allan sólarhringinn.



Firmavörn
SECURITAS

Firmavörnin er samsett af stjórnstöð, þremur hreyfiskynjurum og sírenu.

Kerfið er sett á með einu handtaki þegar fyrirtækið er yfirgefið og er síðan tengt við stjórnstöð Securitas sem er ævinlega í viðbragðsstöðu.

Heimavörn og Firmavörn eru vörumerki Securitas.



Benedikt Ólafsson, bdl, Elinborg J. Björnsdóttir, bdl, Ólafur Sigurgeirsson, brl. og frú og Páll Arnór Pálsson, brl.



„Hann leysti hvers manns vandræði er á fund hans kom.“ Guðmundur Ingvi Sigurðsson, brl. í forgrunni.

Frá Njáluferð



„... gagnorður og skjótorður en þó löngum vel stilltur.“ Kristján Stefánsson, brl., Ragnar H. Hall, brl., Hilmar Ingimundarson, brl., Ásgeir Magnússon, brl., og frú.

Félagsdeildin er ung að árum og starfsemin enn í mótun. Sú hugmynd skaut upp kollinum í vor að efna til fræðslu- og skemmtiferðar með haustinu. Ákveðið var að fara á Njáluslóðir og var sú ferð farin 1. september síðastliðinn. Erfitt var að átta sig á eftirspurn fyrir slíka ferð en lengi vel voru aðeins tveir skráðir en síðan tók skráningin kipp og fór upp í tæplega 60 manns á einni viku. Einhverjir dattu þó út og ferðahópurinn endaði í ríflega 40 manns sem lögðu af stað í ferðina. Það er ljóst að áhugi fyrir slíkum ferðum er fyrir hendi og ekki síst hjá lögmönnum á smærri stofunum.



Frá veislu í miðaldarskálanum á Hvalselli.



Hópurinn við kirkjuna í Hlíðarenda.



Benedikt Ólafsson, bdl., glaðbeittur.



Starfsmenn þeirra Hilmars og Kristjáns komu í ferðina og átti stofan góðar stundir.



„Ærinn bafa þeir klækiskap“, gætu þessir höfðingjar verið að segja um gesti sína, lögmennina



„Þeir voru höfðingjar, miklir feðgar og lögmenn miklir. Hilmar Ingimundarson, brl. og Logi Egilsson, bdl.

Stund tímaskráningaforrit

- Stund var unnið í samráði við lögmenn.
- Hægt að velja um fjölnot eða einstaklingsnot.
- Heldur utan um starfsmenn, viðskm., mál, tíma o.fl.
- Listun á starfsm. viðskm., málum og tímum.
- Auðvelt í notkun.
- Fjölbreytileiki í skýrslum að eigin vali.
- O.fl., o.fl., o.fl.....

H H hugbúnaður ehf.

Sími 557-8271 www.simnet.is/hjorturh - netfang hjorturh@isholf.is

Forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna

I.

Dagana 23-25. ágúst s.l. fór fram árlegur forsætisfundur norrænu lögmannafélaganna, sem að þessu sinni var haldinn í Øye á vesturströnd Nor-egs. Ýmis athyglisverð mál komu til umræðu í tengslum við skýrslur lögmannafélaganna fyrir síðasta starfsár, m.a. í tengslum við mismunandi reglur um ábyrgð lögmanna í störfum sínum og heimild þeirra til að takmarka þá ábyrgð. Kynntar voru nýjar reglur í Finnlandi um opinbera réttarástoð, þar sem finnska ríkið stefnir að því að 80% einstaklinga þar í landi geti fengið slíka ástoð ókeypis. Einnig var rætt um vaxandi kröfu hins opinbera í Noregi um aukna samkeppni milli lögmanna og lækkun þóknunar fyrir þjónustu við einstaklinga. Á sama tíma hefur hins vegar verið tekinn upp 24% virðisaukaskattur á lögmannaþjónustu, sem fyrirtæki fá endurgreiddan en einstaklingar hins vegar ekki. Þá var farið yfir breytingar á fjölda og samsetningu félagsmanna í lög-



Ingimar Ingason

Hlutfallið hér á landi er einn lögmaður á hverja 470 íbúa

mannafélagunum, en fjölgun félagsmanna milli ára virðist allsstaðar vera staðreynd, nema í Svíþjóð, þar sem þeim fækkaði lítilla milli ára. Fjöldi félagsmanna í norska lögmannafélaginu er í kringum 5.200, 3.215 eru í því sænska, um 4.000 félagsmenn eru í danska lögmannafélaginu og í því finnska eru félagsmenn um 1.500 talsins. Til samanburðar eru félagsmenn í

LMFÍ rúmlega 600. Séu þessar tölur skoðaðar út frá íbúafjölda á norðurlöndunum, þá kemur í ljós að í Finnlandi er einn lögmaður á hverja 3.300 íbúa, einn á hverja 2.700 í Svíþjóð, einn lögmaður er á hverja 1.330 í Danmörku og í Noregi hlutfallið einn á hverja 820 íbúa. Hlutfallið hér á landi er einn lögmaður á hverja 470 íbúa, en rétt er þó að hafa í huga við skoðun þessara talna að ekki er alls staðar skylduáðild að lögmannafélögum á norðurlöndunum, auk þess sem sumsstaðar geta aðeins sjálfstætt starfandi lögmenn og fulltrúar þeirra verið félagsmenn, en ekki lögmenn sem starfa hjá fyrirtækjum eða stofnunum, svo sem er hér á landi. Þá kann það einnig að hafa áhrif að í Finnlandi hafa lögmenn ekki einkarétt á mállutningi.

II.

Auk kynningar og umræðna um skýrslur lögmannafélaganna fyrir síðasta starfsár voru megin viðfangsefni forsætisfundarins þrjú að þessu sinni. Fyrsta mál til umræðu var spurningin um það hvort lögmannafélagin ættu að freista þess að auka hrf sín innan International Bar Association (IBA), og jafnframt um hugsanlega samvinnu félaganna á þessum vettvangi, líkt og gert er á vettvangi CCBE. Helstu rökin fyrir því að auka þátttöku í IBA eru þau að vaxandi alþjóðavæðing í lögmennsku nær út fyrir Evrópu og þar af leiðandi út fyrir lögsögu CCBE. Slíkt yki án efa upplýsingastreymi, enda væru skráðir meðlimir í IBA um 16.000 talsins frá 183 ríkjum, þ.m.t. lögmannafélög sem hefðu um 2.500.000 meðlimi innan sinna vébanda. Hins vegar væri sá agnúi á starfi samtakanna að markmiða-



Formenn lögmannafélaganna á Norðurlöndum. Frá vinstri: Ásgeir Thoróddsen, Jon Stokholm (DK), Axel Calissendorff (SV), Helge Aarseth (NO) og Matti Manner (F).

stýring væri flókin og erfið, auk þess sem samsetning þeirra, þ.e. blanda af félagasamtökum og einstaklingum, hefðu skapað viðvarandi ágreining. Þá væru áhrif Bandaríkjanna hugsanlega of mikil til þess að hægt væri að ná árangri í sama mæli og innan CCBE, en til þess að norðurlöndin kæmst til áhrifa innan IBA, þyrftu þau að væntanlega að tryggja sér formannsstöðu í samtökunum. Loks mætti ekki vanmeta þýðingu CCBE, sem stendur norðurlöndunum nær, þar sem þau eru hluti af Evrópu og evrópski lagahefð. Engin niðurstaða fékkst í málið, en félögin mun áfram vinna í því næstu misseri.

III.

Annað viðfangsefni fundarins snéri að áhrifum aukinnar alþjóðavæðingar á störf og starfsumhverfi lögmannna á Norðurlöndunum. Í framsöguerindi Helge Aarseth, formanns norska lögmannafélagsins, fjallaði hann um það hvernig umhverfi lögmennskunnar mótaðist af þeirri starfsemi sem skjólstæðingar hefðu með höndum hverju sinni og þyrftu þjónustu fyrir. Nefndi hann í því sambandi olíuvinnslu, fiskveiðar og flutningastarfsemi sem mikla áhrifavalda á þjónustu lögmannsstofa í Noregi á undanförmum áratugum. Þetta hefði einnig áhrif á rekstrarform stofa, sem mótaðist af því hvernig hægt væri að veita skjólstæðingum sem besta þjónustu. Benti Helge á að í dag teldist það ófullnægjandi þjónusta ef lögmannstofa gæti ekki sinnt þörfum skjólstæðinga sinna fyrir lögfræðiþjónustu utan landssteinanna. Hins vegar væri misjafnt væri hvernig stofur uppfylltu þessar kröfur. Þeir möguleikar sem fyrir hendi eru fyrir lögmannsstofur til að veita slíka þjónustu eru til að mynda að hafa eigin skrifstofu erlendis, vera hluti að alþjóðlegri lögmannsstofu, vera í samstarfi við tiltekna erlendar stofur eða vera aðili að keðju lögmannsstofa, þar sem hægt væri að nálgast sérhæfða þjónustu á ólíkum sviðum víða um



Ásgeir Thoroddsen og Helge Aarseth, formaður norska lögmannafélagsins ræða málin.



Hótel Union í Øye, þar sem þingið fór fram.



Mynd frá þingstörfum.

heim. Ekki skipti hins vegar máli með hvaða formerkjum þjónustan væri, heldur sú staðreynd að lögmennt þyrftu að geta boðið skjólstaðingum sínum upp á „one stop shopping“ á sviði lögmennsku.

Í erindi sínu fjallaði Helge Aarseth einnig um aukningu á samruna lögmennstofa á norðurlöndunum við fjölþjóðlegar lögfræðistofur, auk vaxandi millilandasam-

starfs stofa sín á milli. Þróunin á síðustu árum hafi jafnframt verið sú, í kjölfar alþjóðavæðingar, að lögmennstofur réðu til sín lögmenn eða aðra sérfræðinga frá þeim ríkjum sem viðskipti skjólstaðinganna taka til, með það fyrir augum að tryggja að til staðar væri þekking á gildandi lögum og reglum þeirra ríkja sem hlut ættu að máli. Frjálst flæði vinnuafis á grundvelli EES-samningsins gerði

lögmannsstofum auðveldara um vik að ráða til sín erlenda lögfræðinga og lögmenn, en slíkt skapaði einnig vandamál þegar kæmi fram í mismunandi kröfum og því hver ætti að sinna eftirliti og agavaldi gagnvart þeim sem starfa á grundvelli réttinda sem aflað væri í öðru ríkin en starfsríki. Slíkt vandamál þyrftu að leiða til lykta á grundvelli sameiginlegra reglna. Einnig væri mikið um samstarf lögmennstofa innan norðurlandanna og samstarf lögmennstofa í Skandinavíu við stofur í Þýskalandi. Þá væri þróunin vaxandi í þá átt að alþjóðlegar lögmennstofur opnuðu starfsstöðvar á norðurlöndunum, sem svo innlendir stofur gengju inn í.

IV.

Þriðja og síðasta umræðuefnið á forsætisfundinum varðandi skipulag lögmennafélaganna á meðferð og miðlun upplýsinga, bæði inná við til félagsmanna og ekki síður út á við, þ.e. gagnvart almenningi í



Gutenberg
Eins og stafur á bók
Síðumúla 16-18 • Sími 533 2525 • Fax 533 2550

Groa@leiti.is

Deja vú.

Sæl frænka. Það var víst rosalega huggulegt þarna í Bláa lóninu um daginn á ráðstefnunni með Dabba Odds og c. Margir mættir og svona flottur fundur. Samt sá maður í blöðunum að þetta var dáldil endurvinnsla, Jón Steinar að rífast við Sigurð Línal sem reifist við Hrafn Bragason sem reifist við Jón Steinar. Eins og maður hafi ekki heyrt þetta áður. Hvað var annars Ástráður kommi að segja þarna, eitthvað um að Hæstiréttur stæði ekki í fæturnar af því hann væri svo einsleitur ... annars veit ég það ekki en mér fannst hann Stráði nú langhuggulegastur af þeim öllum að sjá.

Lax.is.

Hæ aftur, ég sá þarna í Lögmennablaðinu að það var verið að stofna lögfræðistofu sem heitir tax púntur is. Þetta er svona eitthvað internet mál eins og lína púntur net eða oz púntur com. Svakalega eru lögfræðingarnir orðnir vel með á

nótunum nú til dags, eitthvað annað en í gamla daga.

Gæi.

Ég er alveg að hætta, en ég verð að segja þér að Bíbí frænka er með þennan fjallmyndarlega unga lögmenn úr vesturbænum að vinna fyrir sig í þriðja skilnaðarmálinu. Hún var eitthvað að renna hýru auga til drengsins, en hann fór víst allur í kerfi, stamaði og fór að tala um að það þyrftu nú að setja reglur um svona „aðstöðu“. Svo frétti hún að hann hefði sent sérstaka tillögu að reglum til lögmennafélagsins. Þær eru víst svona: „Hefji lögmaður ástar- og/eða kynlífssamband af einhverju tagi við skjólstaðing/a sinn/sína, hvort sem er af sama og/eða gagnstæðu kyni, einn eða fleiri, skal hann án ástæðulauss dráttar segja sig frá máli viðkomandi skjólstaðings/a og fela málið lögmenni af gagnstæðu kyni, að fengnu samþykki skjólstaðingsins á vali lögmennsins.“ Algjör fylupúki þessi gæi.

gegnum fjölmiðla. Hafði Arvid Jacobsen, fjölmiðlafulltrúi norska lögmannafélagsins framsögu um það efni. Í umræðum sem á eftir fylgdu kom í ljós að lögmannafélögin á norðurlöndunum hafa mjög svipaðar aðferðir við að koma innri málefnum félaganna á framfæri við félagsmenn. Þannig eru flest félögin með með útgáfu lögmanna- blaða, fréttabréfa og handbóka, auk þess sem þau halda úti heimasíðu með fjölbreyttu efni. Hins vegar kom fram að félögin standi mjög mismunandi að kynningu og framlagningu upplýsinga gagnvart almenningi og samskiptum við fjölmiðla, enda félögin misvel í stakk búin til að sinna slíku. Í Norgei starfar sérstakur upplýsingafulltrúi sem hefur með höndum samskipti við fjölmiðla og stýrir því hvaða málefni eru send þeim til kynningar, en í Danmörku er sérstakur ráðgjafi framkvæmdastjóra til aðstoðar í þessum málum. Í Svíþjóð og Finnlandi starfa hins vegar sérstakar nefndir sem meta það hvaða efni komið er á framfæri við fjölmiðla. Í Finnlandi er auk þess ráðgjafi sem vinnur með nefndinni við mótun upplýsingastefnu, ásamt því sem nefndin heldur reglulega fundi með tengiliðum sínum hjá viðkomandi miðlum. Auk samskipta við fjölmiðla hafa upplýsingafulltrúar og/eda nefndir félaganna reglulega fundi með þingnefndum, þingmönnum og embættismönnum, þar sem fram fer gagnkvæmt upplýsingastreymi um þau málefni sem hæst ber hverju sinni. Hafa Danir gengið einna lengst í kynningu á lögfræðilegum málefnum fyrir almenningi og hafa kostað til þess umtalsverðum fjárhæðum. Þannig hefur danska lögmannafélagið staðið fyrir þáttagerð fyrir sjónvarp, þar sem settir eru á

svið atburðir byggðir á tilteknum dómsmálum, þar sem atvik eru skoðuð út frá lögfræðilegu sjónarhorni og réttarstaða aðila skýrð. Einnig hefur félagið staðið fyrir

gerð útvarpsþátta um lögfræði, auk þess sem lögmenn hafa verið fengnir til að sitja fyrir svörum á útvarpsstöðum á besta útsendingartíma.

Það liggja verðmæti í réttri meðferð á eignum protabúa!

Réttur frágangur á eignum protabúa er lykilatriði þegar kemur að því að koma eignum í verð. Fjöldmörg dæmi eru um að við ranga meðferð og frágang véla, tækja og annars búnaðar hafi mikil verðmæti farið forgörðum, auk þess sem mörgum eru ekki ljós þau miklu verðmæti sem geta legið í tölvugögnum.

Títón býður skiptastjórum þjónustu við ljósmyndun, ástands- og verðmætamat, skráningu og réttum frágangi á vélum, tækjum og búnaði protabúa, ásamt öruggum geymslum. Við höfum yfirgripsmikla þekkingu á vélum, tækjum og tækni og á okkar vegum starfa vélfræðingar og tölvufræðingar.



TITON ehf.
Grandatröð 2
220 Hafnarfjörður

Sími 565 3610
Fax 565 3605
titon@titon.is



Er þitt fyrirtæki öruggt



ORUGGSMÍÐIÐ ÍSLANDS
Sími 530 2400



fyrirtækjakortið

Icelandair og MasterCard

- sundurliðun ferðaútgjalda
- mjög vandaðar tryggingar í viðskiptaferðum
- bílaleigutrygging
- betri aðstaða í Leifsstöð í viðskiptaferðum
- einka Gullkort fylgir án endurgjalds
- nálgast má kortafærslur í gegnum internettengingu
- möguleiki á rafrænni tengingu við bókhald og nánari greiningu útgjalda.

EUROPAY Íslandi og Icelandair bjóða fyrirtækjum kreditkort, sniðið að þörfum athafnalífsins, Fyrirtækjakort. Notkun kortsins hefur í för með sér auknið hagræði hjá fyrirtækjum, sparnað og skilvirkara efirlit með ferðaútgjöldum. Handhafi kortsins nýtur betri aðstöðu í viðskiptaferðum og korthafi, sem er í Vildarklúbbsi Icelandair, fær að auki ferðapunkta samkvæmt reglum Vildarklúbbsins.

Láttu Fyrirtækjakortið auðvelda þér að halda utan um reksturinn.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð hjá Europay Íslandi í síma 550 1555 og hjá söluskrifstofum Icelandair í síma 5050 100.



Corporate

ICELANDAIR 